



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. október 2005 - 266. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

## MÁNUDAGUR

**Móðirin**  
Með því að birtast okkur sem ung kona kemur Gisli Marteinn því inn hjá okkur að hann sé náttúrulegi og eðlilegi arftaki Ingibjargar Sólrúnar, skrifar Guðmundur Andri Thorsson.



UMRÆÐAN 14

**Langar að ná í buffalóa**  
Sigmar B. Hauksson matgæðingur og skotveiðimaður er 55 ára í dag.



TÍMAMÓT 16

**Chelsea lék sér að Liverpool**  
Chelsea er komið með níu stiga forskot í ensku úrvalsdeildinni eftir 4-1 sigur á Evrópu-meisturum Liverpool á Anfield í gær. Það stefnir því allt í að Chelsea verji titilinn.



ÍDRÓTTIR 18

## VEÐRIÐ Í DAG



**HÆG BREYTILEG ÁTT Í DAG** og lítilsháttar væta sunnan- og vestanlands. Þykknar upp í kvöld og fer að hvesa af suðaustri með rigningu. Híto 4-8 stig.

VEÐUR 4

# Lögðu til átján ára drengs með sveðju

Átján ára drengur, Einar Ágúst Magnússon, varð fyrir fólkskulegri líkamsárás í Garðabæ í fyrrinótt. Hann hlaut sprungu í höfuðkúpu og lagt var til hans með stórum hnífi eða sveðju þannig að hann hlaut skurði á höfði og höndum.

**LÍKAMSÁRÁS** „Ég held að honum líði bara eins og hægt er að búast við eftir þessa atburði,“ segir Guðrún Árný Arnardóttir, móðir Einars Ágúst Magnússonar, átján ára drengs sem varð fyrir fólkskulegri líkamsárás í samkvæmi í húsi við Bæjargil í Garðabæ í fyrrinótt. „Það er sprunga í höfuðkúpunni og hann hefur verið í aðgerð. Það verður bara að koma í ljós hvernig honum líður,“ segir Guðrún. Fjórir átján ára drengir voru handteknir síðar um morguninn grunaðir um aðild að árásinni. Einum þeirra hefur nú verið sleppt en

krafist var gæsluvarðhalds yfir hinum þremur í gærkvöld að sögn lögreglu. Lögreglan í Hafnarfirði segir unga manninn hafa komið sem gest í samkvæmi í húsi við Bæjargil. Þegar þangað var komið kom til átaka milli hans og árásarmanna, en þeir voru fyrir í húsinu. Slagsmálin færðust út fyrir húsið þar sem lagt var til Einars Ágúst Magnússonar þannig að hann hlaut höfuðkúpbrot. Stór hnífur eða sveðja var notuð og hlaut Einar Ágúst slæma skurði á höfuð, handleggji og hendur. Skurðir á höndum eru í greipun-

um og eru taldir hafa komið til þegar Einar reyndi að verjast hnífstungunum. Annar ungur maður á svipuðu reki meiddist þegar hann reyndi að ganga á milli og stöðva slagsmálin. Meiðsl hans voru töluvert minni. Drengirnir voru fluttir á slysa-deild af fólki sem þeir komu með í samkvæmið og var atvikið tilkynnt lögreglu frá slysa-deild. Fjórmenningarnir sem voru handteknir hafa áður komið við sögu Hafnarfjarðarlögreglu. Fjöldi vitna var að atvikinu.

- sag



KONA Á MARKAÐI Malaví er vinsælasta söngkonan þar ytra.

## Övenjuleg lagasamkeppni: Vöggulag fyrir eiginmenn

**MALASÍA** Stjórnvöld í héraðinu Kelantan í Malasíu leita að góðu vöggulagi sem konur geti sungið fyrir eiginmenn sína. Leiðtoga íslamska stjórnmalaflokksins sem eru við völd í héraðinu hafa undanfarið reynt að milda mynd flokksins og skipulögðu til að mynda á dögum fyrstu popptónleikana í héraðinu í fimmtán ár.

Talsmenn yfirvalda telja að keppnin muni styrkja fjölskylduböndin. ■

## Bílvelta á Reykjanesbraut: Hvolfdi inn á bensínstöð

**SLYS** Volkswagenbíl vald við bensínstöð Orkunnar, rétt norðan við Smáralind, um fimmleytið í gær. Ökumaður bílsins var á leiðinni suður eftir Reykjanesbraut þegar hann missti stjórn á bílnum með þeim afleiðingum að bíllinn valt yfir vegkant og hafnaði síðan á toppnum á bílplani bensínstöðvarinnar.

Að sögn lögreglu gaf ökumaðurinn þá skýringu að hann hefði misst stjórn á bílnum vegna bleyttar á veginum. Hann var fluttur á slysa-deild Landspítalans í Fossvogi. Meiðsl mannsins munu ekki alvarleg og þykir það mildi. Hann fékk að fara heim að skoðun lokinni.

Að sögn lögreglunar í Kópavogi er bifreiðin hinsvegar mjög illa farin og jafnvel ónýtt.

- jse



BÍLVELTA Á REYKJANESBRAUT Bifreiðin endaði á toppnum á bensínstöðinni eftir að ökumaðurinn missti stjórn á henni í bleytni.

## Kristilegi demókrataflokkurinn hafði betur í kosningunum í Dresden: Staða Angelu Merkel styrkist

**DRESDEN** Kristilegi demókrataflokkurinn hafði betur í kosningunum til þýska sambandsþingsins sem fram fóru í Dresden í Þýskalandi í gær. Kosningunum þar var frestað fyrir tveimur vikum vegna andláts eins frambjóðanda í borginni. Þegar Fréttablaðið fór í prentun í gærkvöld var búið að telja meirihluta atkvæða. Þá hafði frambjóðandi kristilegra demókrata fengið um 37 prósent atkvæða en frambjóðandi Jafnaðarmannaflokksins 32. Kosningabátttaka í borginni var góð en 72 prósent greiddu atkvæði. Ef niðurstaðan verður þessi, fá kristilegu flokkarnir samtals 226 þingsæti á sambandsþinginu og bæta þar með við sig einu



sæti en jafnaðarmenn fá 222. Þó þetta breyti litlu um niðurstöður kosninganna sem fram fóru 18. september mun þetta að öllum líkindum styrkja stöðu Angelu Merkel, leiðtoga kristilegra demókrata, en hún gerir, líkt og Gerhard Schröder, tilkall til kanslaraembættisins. Merkel og Schröder hafa tvívegis fundað að undanfögnu um möguleikann á stjórnarmyndun stóru flokksanna en víðræður hafa strandað á því hvort þeirra eigi að leiða stjórn landsins.

- sgi

**STYRKIR STÖÐU SÍNA** Úrslit kosninganna í Dresden styrkja stöðu Angelu Merkel, leiðtoga kristilegra demókrata í stjórnarsamningaviðræðum við Gerhard Schröder, leiðtoga jafnaðarmanna.

Lagersala  
Rýmum fyrir nýjum vörum  
Lagersala  
Rýmum fyrir nýjum vörum  
Lagersala  
Rýmum fyrir nýjum vörum  
Lagersala  
Rýmum fyrir nýjum vörum  
Lagersala  
Rýmum fyrir nýjum vörum

Ljósinn í bænum  
Stigahlióð 45 105 Reykjavík

VÍKULEGAR SIGLINGAR  
ATLANTSSKIP  
FLYTJA VÖRUR  
FRÁ EVRÓPU

Þriðjudagar  
Immingham / England  
591 3000



## SPURNING DAGSINS

Einar, verður þetta íslenskt Manhattan?

„Nei, þetta verður íslensk Árborg.“

Einar Njálsson bæjarstjóri hefur tilkynnt miklar breytingar sem fyrirhugaðar eru á miðbæ Selfoss á næstu árum. Meðal annars munu þar rísa tveir turnar með alls 120 íbúðum.

## Sagnfræðingafélag Íslands ætlar að álykta um ritun sögu þingræðis á Íslandi: Undrast ákvörðun forsætisnefndar

**SAGA** „Okkur þykir það afar undarlegt að forsætisnefnd Alþingis skuli ekki hafa fundið einn einasta sagnfræðing til að vinna þetta verk,“ segir Guðni Thorlacius Jóhannesson, formaður Sagnfræðingafélags Íslands, um þá ákvörðun nefndarinnar að fela Þorsteini Pálssyni umsjón með ritun sögu þingræðis á Íslandi.

„Við höfum verið að ráða ráðum okkar og munum gera betur grein fyrir afstöðu okkar en eins og svo oft áður þá snýst þetta ekki um einstaklinga og viljum við engan veginn kasta rýrd á Þorstein,“ bætir hann við. Félagið mun væntanlega senda frá sér ályktun fundarins í dag.



Forsætisnefnd Alþingis skipaði einnig þau Helga Skúla Kjartansson, prófessor í sagnfræði við Kennaraháskóla Íslands, og Ragnhildi Helgadóttur, lektor í stjórnskipunarrétti við Háskólann í Reykjavík, í ritnefnd vegna þessa verkefnis.

Bókin verður gefin út í tilefni þess að öld er liðin frá upphafi þingræðis hér á landi.

- jse

**GUÐNI THORLACIUS JÓHANNESSON** Guðni undrast það að forsætisnefnd Alþingis skuli ekki hafa fundið neinn sagnfræðing til að hafa umsjón með ritun um sögu þingræðis á Íslandi, en nefndin fól Þorsteini Pálssyni verkefnið.

## Fundur fyrirhugaður

**JERÚSALEM, AP** Ariel Sharon, forsætisráðherra Ísraels og Mahmoud Abbas, leiðtogi Palestínunnar, hafa samþykkt að funda í fyrsta sinn síðan Ísraellar drógu herlið sitt frá Gaza-svæðinu.

MAHMOUD ABBAS

Abbas hringdi í Sharon í gær til að óska honum gleðilegs nýs árs, en nýtt ár hjá gyðingum, Rosh Hashana, er í þann mund að hefjast. Í samtalinu ákváðu þeir að hittast brátt og ræða saman í von um að efla friðarferlið fyrir botni Miðjarðarhafs. ■



HAMAS Félagar í samtökum Hamas í fullum herklæðum.

Átök á Gaza-svæðinu:

## Þrjátíu sárir og einn látinn

**GAZA** Til skotbardaga kom milli palestínkra lögreglumanna og meðlima Hamas-samtakanna á Gaza-svæðinu í gær.

Þetta er í fyrsta skipti sem til átaka kemur síðan Ísraellar létu Gaza í hendur Palestínunnar í síðasta mánuði.

Einn palestínkur lögreglu maður lést og þrjátíu særðust. Aðeins er vika síðan meðlimir herskára samtaka Palestínunnar hétu því að hætta að bera vopn á almannafæri. ■

## Tíu lækningar ávísa lyfjum til sama fíkils

Aðstoðarlandlæknir segir dæmi þess að einn og sami fíkillinn fái ávísun á vanabindandi lyf frá allt að tíu læknum. Nýi lyfjagagnagrunnurinn hefur reynst vel við eftirlit á afbrigðilegum ávísunum á tiltekin lyf.

**LYFJAMÁL** Landlæknisembættið hefur komist að því að allt að tíu lækningar hafi ávísað vanabindandi lyfjum til eins og sama fíkilsins, að sögn Matthíasar Halldórssonar aðstoðarlandlæknis. Nýi lyfjagagnagrunnurinn, sem notaður hefur verið hjá embættinu síðan um áramót, reynist vel til að rekja dæmi af þessum toga. Matthías leggur áherslu á að gagnagrunnurinn sé einungis notaður til að fylgjast með því að lyfjaávisun sé með eðlilegum hætti.

„Við sjáum ef fólk er að ganga á milli margra lækna til að fá lyfseðil,“ segir Matthías. „Við sendum upplýsingar til lækna um það og mælumst þá til þess að það sé einungis einn sem sjái um ávísun á vanabindandi efni til viðkomandi einstaklings. Ekki er alltaf hægt að skrúfa fyrir það.“

Matthías segir að oft bregði læknum við þegar þeir fái að vita um einstaklinga sem hafa farið á milli lækna og orðið sér úti um lyfseðla. Embættið óski eftir skýringum frá þeim á því hvers vegna þeir séu svo háir í útskriftum á ákveðin lyf. Í mörgum tilvikum fái einhverjar skýringar.

„Sumir lækningar verða oft mjög undrandi því þeim hafði



**MORFÍNÍKIN** Fiklar sækjast meðal annars eftir contalgin forðatöflum. Það eru verkjatöflur sem innihalda morfín. Þeir leysa þær upp og sprauta lyfinu í sig.

ekki dottið í hug að viðkomandi leitaði til annarra lækna í sömu erindum,“ segir Matthías. Spurður um fjölda fíkla sem fari milli lækna til að fá ávísun á lyf kveður hann embættið ekki hafa

tekið það saman. Starfsmenn þess fari mjög varlega í sakirnar. Einungis sé um að ræða mjög afbrigðileg tilvik sem athugasemdir séu gerðar við.

„Þær höfum við gert í allmörgum tilvikum. Það eru nokkrir tugir manna sem hafa einhvern veginn ánetjast ávanabindandi lyfjum og leita síðan til margra lækna til að verða sér úti um þau. Þeir halda því þá leyndu að þeir séu að fara til fleiri en eins læknis.“

jss@frettabladid.is

**MATTHÍAS HALLDÓRSSON** Leggur áherslu á að lyfjagagnagrunnurinn sé einungis notaður til að fylgjast með afbrigðilegum fjölda ávísana á tiltekin lyf.



## Ritskoðun

Sökum lögbanns sem sýslumaðurinn í Reykjavík setti á skrif Fréttablaðsins sem byggja á tölvupósti, sem með einum eða öðrum hætti hefur haft viðkomu hjá Jónínu Benediksdóttur, eru lesendur beðnir að athuga að blaðið getur þar með ekki skrifað fréttir um aðdraganda rannsóknar Baugsmálsins eins og það hefði kosið að gera. Sýslumaður hefur bannað Fréttablaðinu að endurbirta, í heild eða hluta, fyrri fréttir um sama mál. Þar sem fátt fréttneamt var eftir óbirt í þeim gögnum sem hald var lagt á munu aðgerðir sýslumanns ekki skada fréttaskrifin eins mikið og í fyrstu mætti ætla.

-ritstj.



ÖRYGGISRÁÐ Fundur í Öryggisráðinu.

Öryggisráð SP:

## Helmingur andvígur framboði

**SKOÐANAKÖNNUN** Aðeins 28 prósent þeirra sem tóku þátt í nýlegum Þjóðarpóli, skoðanakönnun á vegum Gallup, eru hlyntir framboði Íslands til setu í Öryggisráði Sameinuðu þjóðanna. Rómur helmingur þjóðarinnar eða 53 prósent eru andvíg framboðinu. Nítján prósent tóku ekki afstöðu.

Munur reyndist á afstöðu ef litið var til stjórnmálaskoðana, en hlutfallslega fleiri þeirra sem sögðust kjósa Framsóknarflokk voru hlyntir framboðinu en þeirra sem sögðust kjósa Sjálfstæðisflokk. Ríkisútvarpið greindi frá.

- saj

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**ÞRÚ FÍKNIEFNAMÁL** Lítilræði af amfetamíni fannst í bifreið öku-manns sem lögreglan í Borgarnesi stöðvaði við eftirlit í fyrrakvöld. Maðurinn er grunaður um að hafa ekið undir áhrifum amfetamíns. Lítilræði af kannabisefnun fannst einnig í tveimur bifreiðum í fyrrinótt í Hafnarfirði. Ökumennirnir höfðu í báðum tilfellum verið stöðvaðir í venjubundnu eftirliti lögreglunnar.

**SLASAÐIST VIÐ LÖNDUN** Maður slasaðist lítillega á höfði og baki í fyrradag í erlendu mjólskipi sem lá í Eskifjarðarhöfn. Hankar slitnuðu af mjólpoka sem verið var að landa svo eins og hálf tons pokinn slóst í höfðu mannsins. Var hann strax sendur á heilsugæslustöðina til skoðunar að sögn lögreglunnar á Eskifirði.

Ekkert lát á vanda rækjuvinnslunnar hér á landi:

## Átta fyrirtæki hafa hætt rekstri

**SJÁVARÚTVEGUR** „Fyrir einu og hálfu ári voru átján rækjuframleiðendur hér á landi en nú eru þeir eitthvað um tíu,“ segir Pétur Bjarnason, framkvæmdastjóri Fiskifélags Íslands.

„Þetta hefur verið erfitt lengi og ég sé ekki fram á að ástandið eigi eftir að batna neitt á næstunni svo það er við því að búast að fleiri hætti,“ bætir hann við. Pétur nefnir þrjár ástæður helst-

ar fyrir erfiðleikum í rækjuframleiðslunni hér á landi: Kanadabúar hafa aukið mjög framleiðsluna og geta þess vegna boðið hana á mun lægra verði en Íslendingar, Færeyingar og Norðmenn en Pétur segir að kvótinn í Kanada sé byggður á markaðslegum grunni en ekki fiskifræðilegum.

Einnig er framleiðsla á heitsjávarrækju í Tailandi, Suður-Ameríku og víðar farin að hafa verulega neikvæð áhrif á markaðinn fyrir íslenska rækju. Þriðja ástæðan er svo hio margumrædda háa gengi krónunnar sem svo margi í útflutningsgeiranum hafa kvartað yfir að undanfögnu.

- jse

**RÆKJUVINNSLA** Á einu og hálfu ári hafa um átta fyrirtæki hætt rækjuvinnslu og framkvæmdastjóri Fiskifélags Íslands segist ekki sjá að lát verði á þessari þróun eins og málin standa.



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUINNARSSON

Námskeið fyrir millistjórnendur:

## Verkstjórnarnámskeið

Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi.

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættimur eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Áætlanagerð
- Samningatækni
- Valdframsal
- Hvatning og
- Stjómun breytinga starfsánægja

Námskeiðið er samtals **100 stundir** og skiptist í tvo hluta. Næsta námskeið hefst **10. október**.

Nánari upplýsingar og skráning í síma **570 7100** og á vefsíðu okkar [www.iti.is](http://www.iti.is)



Íöntæknistofnun

# KB Tekjuvernd tekur af þér fallið við launamissi

KB Tekjuvernd er hagkvæm vernd sem dregur úr launamissi sem kann að verða vegna sjúkdóma, örorku, andláts eða starfsloka.


Með KB Tekjuvernd er bilið brúað sem myndast milli núverandi ráðstöfunartekna þinna og greiðslna sem þú átt rétt á verðir þú fyrir launamissi af völdum sjúkdóma, örorku eða andláts. Þú færð yfirsýn yfir þá tryggingavernd sem þú nýtur í dag og vísbendingar um frekari tryggingabörf. Þannig getur þú komið í veg fyrir að þú sért vantryggð/ur eða oftryggð/ur.

KB Tekjuvernd auðveldar þér einnig að ákvarða starfslok þín á einfaldan hátt.

**Kannaðu málið!**


Bókaðu fund hjá ráðgjafa á [www.kbbanki.is](http://www.kbbanki.is), í síma 444 7000 eða í næsta útibúi KB banka. Við reiknum út KB Tekjuvernd miðað við þínar aðstæður.

Dæmi um greiðslur maka- og barnalífeyris vegna andláts



Tryggðu fjölskyldu þinni áframhaldandi tekjur ef þú fellur frá. Skoðaðu hvernig KB Tekjuvernd getur aukið verndina sem þú hefur í dag og veldu þá leið sem hentar þér best.

Dæmi um greiðslur lífeyris vegna alvarlegrar örorku af völdum slysa eða sjúkdóma



Taktu saman yfirlit yfir þær greiðslur sem þér myndu berast vegna örorku og bættu við þeirri fjárhæð sem þú telur að myndi henta þér með KB Tekjuvernd.



Allar persónuþryggingar í KB Tekjuvernd koma frá KB Lífi  
KB Líftryggingar hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík



KB BANKI

## GENGIÐ

GENGI GJALDMÍÐLA 30.09.2005

	KAUP	SALA
Bandaríkjadalur USD	61,55	61,85
Sterlingspund GBP	108,66	109,18
Evra EUR	74,22	74,64
Dönsk króna DKK	9,944	10,002
Norsk króna NOK	9,429	9,485
Sænsk króna SEK	7,952	7,998
Japanskt jen JPY	0,5427	0,5459
SDR	XDR	89,18
		89,72

Gengivísitala krónunnar  
104,2646

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Aðildarviðræður Tyrkja við Evrópusambandið:

## Utanríkisráðherrar héldu neyðarfund

**ESB** Utanríkisráðherrar Evrópusambandsins héldu neyðarfund í gær vegna aðildarviðræðna sambandsins við Tyrkland sem hefjast eiga í dag. Vegna andstöðu nokkurra aðildarlanda ESB er ekki ljóst hvort viðræðurnar geti hafist. Yfirvöld í Tyrklandi hafa hótad að slíta viðræðum vegna tillögu Austurríkismanna sem vilja að Tyrkir geri samstarfssamning við ESB í stað þess að fá fulla aðild.

Forsætisráðherra Tyrkja, Recep Tayyip Erdogan, sagði af þessu tilefni að annað hvort yrði sýndur pólitískur þroski og Evrópusambandið yrði gert að alþjóðlegu afli, eða það myndi



**MÓM/ELA AÐILD** Stuðningsmenn hægrissinnaða MHP-flokksins veifa tyrkneska fánunum á fjölda fundi í Ankara þar sem aðild Tyrklands að Evrópusambandinu var mót-mælt.

enda sem kristilegur klúbbur. Utanríkisráðherra Breta, Jack Straw, sagði í gær að hann vildi að aðildarviðræðurnar færu fram því að öðrum kosti væri hætta á klopningi milli kristinna og íslamskra þjóða.

Búist er við að aðildarviðræður ESB við Tyrki geti tekið allt að tíu ár en Tyrkir þurfa að taka upp fjölda laga og reglugerða sambandsins.

Sextíu þúsund stuðningsmenn þjóðernisflokksins MHP mót-mæltu aðildinni í höfuðborginni Ankara í gær en þrátt fyrir það sýna kannanir að meirihluti Tyrkja vill aðild að sambandinu.

- sgi

Björgunarsveitin á Skagaströnd:

## Bátur dreginn til hafnar

**BJÖRGUN** Línubáturinn Gefjun varð vélarvana tæpum tuttugu sjómílum utan við Skagaströnd um klukkan hálflefu í fyrrkvöld. Björgunarbáturinn Húnabjörg lagði af stað frá Skagaströnd um miðnætti og kom með línubátinn í togi til hafnar um klukkan fimm.

Guðmundur Björnsson, björgunarmaður á Húnabjörg, segir að annar bátur hafi reynt að draga Gefjuni en án árangurs. Drátturinn tókst þó vel hjá Húnabjörgu þrátt fyrir leiðindaveður.

Að sögn Guðmundar hefur Húnabjörg dregið fjölmarga báta til hafnar frá því hún kom til Skagastrandar í maí síðastliðnum.

- jse

# Komum standandi úr fyrsta prófkjöri

Vinstrihreyfingin – grænt framboð hefur lokið forvali fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Svokallað fléttufyrirkomulag sér til þess að kynin raðast jafnt á listann. Svandís Svavarsdóttir fagnar sigri og mun leiða listann.

**FORVAL** „Þetta var frekar afgerandi niðurstaða. Ég er fyrst og fremst ánægð með að við skulum hafa komið standandi úr okkar fyrsta prófkjöri,“ segir Svandís Svavarsdóttir sem var kosin til þess að leiða lista vinstri grænna í komandi borgarstjórnarkosningum. Svandís kveður það spennandi tækifæri að fá að leiða listann. „Ég hef mikla trú á öllum tíu fulltrúunum á listanum,“ segir Svandís. Hún segir tímenn vinna með vinstri grænum því nú hafi flokkurinn tækifæri til þess að styrkja sína kosningabaráttu í stað þess að bíða með prófkjör og skapa þannig hættu á innbyrðis átökum á lokasprettinum.

„Auðvitað eru alltaf einhverjir sem höfðu hugsað sér að gera betur, hjá því verður ekki komist,“ segir Stefán Pálsson, formaður kjörstjórnar. Stefán segir sér hafa komið á óvart við talmingu hversu ólíkir kjörseðlarnir



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Leiðir lista vinstri grænna í Reykjavík. Hún er fegin að hafa tímenn fyrir sér við undirbúning fyrir kosningabaráttuna.

voru. „Fólk virtist hafa gert upp hug sinn á mjög ólíka vegu og það leit ekki út fyrir að hópar hefðu tekið sig saman um hvernig skyldi kjósa,“ segir Stefán. Hann segir mikið af nýju fólki á listanum og því sé gott að hafa tíma til stefnu fram að kosningum. Þetta fólk fái svigrúm til þess að undirbúa sig fyrir hita leiksins.

„Ég hefði viljað sjá meiri þátttöku í þessu prófkjöri,“ segir Árni Þór Sigurðsson sem situr í öðru sæti listans. Árni segir þó að þar sem forval sem þetta sé nýtt fyrir vinstri grænna hafi ekki verið auðvelt að gera sér í hugarlund hvernig þátttakan yrði. „Ég held að þetta sé bara ansi góður listi.“

saj@frettabladid.is

### LISTI VINSTRI GRÆNNA til borgarstjórnarkosninga:

1. Svandís Svavarsdóttir – 277 atkv.
2. Árni Þór Sigurðsson – 167 atkv.
3. Þorleifur Gunnlaugsson – 160 atkv.
4. Sóley Tómasdóttir – 175 atkv.
5. Grímur Atlason – 177 atkv.
6. Uglu Egilsdóttir – 211 atkv.
7. Ásta Þorleifsdóttir
8. Magnús Bergsson
9. Guðný Hildur Magnúsdóttir
10. Þorvaldur Þorvaldsson

Eins og sjá má hefur fléttufyrirkomulag listans talsverð áhrif á uppstillinguna.



**ELDGOS** Björgunarmenn leita að fólki.

Eldogs í El Salvador:

## Hundruð flýja heimili sín

**ELDGOS** Eldfjallið Ilamatepec skammt frá borginni Santa Ana í vesturhluta El Salvador byrjaði að gjósa aðfaranótt laugardags eftir að hafa legið í dvala í áratugi. Mikið hraun flæðir frá fjallinu og gosmökkur hefur náð rúmlega fimmtán kílómetra hæð.

Í það minnsta tveir létust þegar skriður féllu í grennd við fjallið, en hundruð manna hafa neyðst til að flýja heimili sín vegna eldgossins. Eldfjallið er í rúmlega 60 kílómetra fjarlægð frá höfuðborginni San Salvador og eru stjórnvöld í El Salvador að íhuga frekari aðgerðir.

- sgi

## ÍRAK

### BANDARÍSKUM HERMÖNNUM RÆNT

Samtök al-Kaída í Írak segjast hafa tvo bandaríska sjóliða í haldi. Samtökin vilja að Bandaríkjaher sjái til þess að konur sem tilheyra hópi súnníta verði láttnar lausar úr fangelsi. Ef ekki verði gengið að kröfum þeirra innan 24 klukkustunda fái mennirnir ekki að snúa aftur til síns heima.



**VIÐHALD NAUÐSYNLEGT** Tillögu Sjálfstæðisflokksins um betrubætur í Breiðholti hefur verið slegið á frest.

Opin svæði í Breiðholti:

## Hugmyndum slegið á frest

**UMHVERFISMÁL** Sjálfstæðismenn vilja lagfæra sautján leiksvæði, opin svæði, íþróttasvæði og skólalóðir í Breiðholti. Kjartan Magnússon borgarfulltrúi lagði fram tillögu þess efnis á síðasta fundi framkvæmdaráðs Reykjavíkurborgar.

Að Kjartans sögn hafa Breiðhylltingar verið að kvarta undan ástandi svæðanna og viðhaldi á skólalóðum og vilja að hlúð sé að girðingum, netum í mörkum og malbik lagfært.

Afgreiðslu tillögunnar var frestað að ósk fulltrúa R-listans en hún verður tekin fyrir í næstu viku.

- smk

## SJÁLSTÆÐISFLOKKUR

### BORGAR ÞÓR NÝR FORMADUR

Borgar Þór Einarsson, lögfræðingur var í gær kjörinn nýr formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna á sambandsþingi félagsins í Stykkishólmi. Borgar var einn í framboði til formanns og mun hann gegna embættinu til næsta sambandsþings sem verður árið 2007. Borgar hlaut 70,2 prósent greiddra atkvæða.

**Íslenskt grænmeti**

**sérmerkt þér!**

**VEÐURSPÁ**

Guðrúnur Arnardóttir  
Náttúrufraeðingur

Hæg breytileg átt Veðrið verður hið skaplegasta fram eftir degi. Vindur verður yfirleitt hægur og yfirleitt bjart, en þó má búast við einhverri vætu, sérstaklega suðvestanlands. Í kvöld fer svo að hvesa af suðaustri og rigna, fyrst allra syðst. Á morgun má reikna með suðaustan hvasvönd víða á landinu og rigningu, sérstaklega suðvestanlands. Hitinn er bærlegur fram á miðvikudag, en þá kólnar og gæti snjóað um tíma norðanlands.

**HÖRFUR Í HÖFUÐBORGinni**  
Hæg suðlæg átt í dag og lítilsháttar skúrir af og til. Þykkjar upp í kvöld og fer að rigna og hvesa undir nóttina. Á morgun má búast við rigningu og strekkingsvindi. Hitinn er á bilinu 4-8 stig þessa næstu daga.

**um hádegis**

**á morgun**

All hvöss eða hvöss suðlæg átt. Snýst í norðlæga átt vestanlands með kvöldinu.

**miðvikudagur**

Norðlæg eða breytileg átt í fyrstu en snýst í suðlæga átt og slýðu eða snjókomu með kvöldinu.

Kaupmannahöfn	12°C heiðskirt	Paris	16°C léttskýjað	Alicante	24°C sk.m.köflum
Osló	15°C sk.m.köflum	Berlín	13°C skýjað	Milano	15°C rigning
Stokkholmur	14°C sk.m.köflum	Frankfurt	16°C léttskýjað	New York	24°C heiðskirt
Helsinki	15°C léttskýjað	Madrid	21°C léttskýjað	San Francisco	19°C léttskýjað
London	16°C sk.m.köflum	Barcelona	20°C sk.m.köflum	Orlando/Florida	31°C skúraveður

\* Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Passat

– nýtt orð yfir lúxus



NOTA: HUBBÓ / SIA - 2004

Volkswagen Passat hefur verið endurhannaður frá grunni, öflugri, fágaðri og betur búinn en nokkru sinni. Hann er stærri og rúmbetri og er nú sá stærsti í sínum flokki.

Passat býðst nú með nýjum og öflugum FSI® bensín- og TDI® dísilvélum með 6 gíra handskiptingu eða 6 þrepa sjálfskiptingu.

Meðal staðalbúnaðar má nefna hemlalæsivörn (ABS), rafstýrða stöðugleikastýringu (ESP), spólvörn (ASR), loftkælingu og loftræstingu (AC), rafræna handbremsu, fjarstýrða opnun á farangursgeymslu og byltingarkenndan kveikjubúnað sem aðeins er að finna í Volkswagen Passat.

Lúxus hefur fengið nýja ásýnd. Komdu og kynnstu Volkswagen Passat.

**Verð 2.690.000 kr.**

Comfortline 2000 FSI 150 hestöfl, 6 gíra sjálfskiptur

**Verð 2.275.000 kr.**

Trendline 1600 FSI 115 hestöfl, 6 gíra beinskíptur



Aus Liebe zum Automobil



## KJÖRKASSINN

Á ríkið að hlaupa undir bagga með útflutningsfyrirtækjum?

Niðurstöður gær dagsins á [visir.is](#)

Já	37%
Nei	63%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Ertu farin(n) að búa til jóla-kortin?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Áherslumál Samfylkingarinnar fyrir komandi þing:

# Ráðuneytum fækki um fjögur

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar vill fækka ráðuneytum um þrettán í níu. Það kom fram á fréttamannafundi sem haldinn var í gær. Flokkurinn vill að skilið verði milli heilbrigðis- og tryggingamála, og að stofnað verði sérstakt innanríkisráðuneyti.

Önnur áherslumál þingflokksins eru aukid framboð á menntum fyrir fólk á vinnumarkaðnum, leiðrétting kjaraskerðingar lífeyrisþega og að afkomutryggingu verði komið á fyrir þá.

Jafnframt vill Samfylkingin að lög verði sett um óháðar rannsóknarnefndir sem myndu taka að sér að kanna málin þegar rök-



**ÁHERSLUMÁL KYNNT** Frá fréttamannafundi Samfylkingarinnar í gær, þar sem aðal áherslumál þingflokksins voru kynnt.

studdur grunur leikur á að stjórnvöld eða aðrir sem fara með völd í

samfélaginu hafi misbeitt þeim völdum. Einnig að rannsóknir á þróun valds og lýðræðis fari fram, svipaðar þeim sem önnur Norðurlönd eru nú að láta gera, og að skipun embættismanna verði endurskoðuð í þeim tilgangi að skilja pólitísk störf frá faglega skipuðum embættum Stjórnarráðsins.

„Við viljum að það sé gerður mjög skýr greinarmunur, þannig að fólk viti hvenær hið pólitíska vald er á ferðinni og hvenær það er faglegt vald,“ segir Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar.

- smk

Eins dags verkfall í Frakklandi:

## Mótmæla stefnu stjórnvalda

**VERKFALL** Líklegt er talið að mikill fjöldi fólks muni leggja niður vinnu um allt Frakklandi á þriðjudag til að mótmæla stefnu stjórnvalda í efnahags- og atvinnumálum. Þetta verður fyrsta alvöru barátta ríkisstjórnar Frakka, sem aðeins hefur starfað í fjóra mánuði, við verkalyðsfélög landsins sem þykja oft á tíðum óstýrtilát.

Ríkisstjórn forsætisráðherrans Dominique de Villepin hefur verið harðlega gagnrýnd fyrir framgöngu sína í málum sem snúa að verkamönnum. Til að mynda þeim ofbeldisfullu mótmælum sem brutust út á Korsíku fyrir nokkru.

- sgi

# Hver gerði hvað í Baugsmálinu

Þær fimm lykilpersónur sem hvað mest komu við sögu í aðdragandanum að Baugsmálinu eru Jón Gerald Sullenberger, Styrmir Gunnarsson, Jónína Benediksdóttir, Jón Steinar Gunnlaugsson og Kjartan Gunnarsson. Hér á eftir er rakið hvaða hlutverki hvert þeirra gegndi.

**Styrmir Gunnarsson, ritstjóri Morgunblaðsins**  
Veturinn og vorið 2002 berast Styrmi Gunnarssyni gögn frá Jóni Gerald Sullenberger varðandi viðskipti hans við Baug. Jón Gerald vill að Styrmir fjalli um Baug í Morgunblaðinu. Styrmir telur málið ekki þess eðlis að það eigi erindi á síður blaðsins en sér aumur á Jóni Gerald og veitir honum því aðstoð í málinu. Hann finnur handa honum lögfræðing, samflokksmann sinn og fyrrverandi lögmann útgáfufélags Morgunblaðsins til margra ára, Jón Steinar Gunnlaugsson, sem Styrmir, eftir að ráðfæra sig við Kjartan Gunnarsson, æskuvín sinn, telur að sé heiðarlegur og vandaður lögmaður. Styrmir segir Jónínu Benediksdóttur að hvorki hún né Jón Gerald þurfi að hafa áhyggjur af Jóni Steinari því tryggð hans við ónafngreindan mann sé innmúruð og ófrávikjanleg.

Styrmir aðstoðar þá Jón Gerald við þýðingar á hinum ýmsu greinum og fær til þess hjálp blaðamanna sem hjá honum starfa.

Styrmir sendir einnig skjöl Jóns Geralds um Baug umbeðinn til Jónínu sem kemur þeim áfram til tollstjóra sem kemur þeim til skattranssóknastjóra. Styrmir segist reyndar ekki skilja af hverju skattranssóknin á Baugi sé ekki hafin og getur sér til um að það sé hugsanlega vegna þess að fjármálaráðherra sé ekki kominn úr samræði.

**Jónína Benediksdóttir, athafnakona**  
Sleit sambúð við Jóhannes Jónsson kenndan við Bónus í nóvember 2001. Finnst hann hafa hlunnfarið sig fjárhagslega en rekstur líkamssæktarstöðvar Jónínu, Planet Pulse, gekk ekki sem skyldi á meðan tveggja ára sambúð þeirra varði. Hún krefur Jóhannes um tugmilljónir og hvítan Audi.

Jónína, sem kynntist Jóni Gerald í gegnum Jóhannes, ákveður að taka hann upp á sína arma og styðja hann í deilum hans gegn Baugi. Hún notar sér samband sitt við Styrmi Gunnarsson til þess að vekja athygli áhrifamikilla manna á máli Jóns Geralds.

Þegar Styrmir og félagar hans ákveða að taka að sér Baugsmálið hefur Jónína reynt að vekja athygli fjölda þjóðþekktara manna á meintum svikum Baugsfæða. Þar á meðal fundar hún með Valgerði Sverrisdóttur viðskiptaráðherra, Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur og fleiri Samfylkingarmönnum, sem og nokkum af helstu fjölmiðlamönnum landsins. Enginn telur málið þess eðlis að bregðast þurfi við því þótt allir hvetji hana til að snúa sér til lögreglu telji hún Baugsmenn hafa brotið lög. Það er því ekki fyrr en hún leitar til Styrmis að hjólin fara að snúast í Baugsmálinu.

**Jón Gerald Sullenberger, athafnamaður**  
Rak vöruhús í Flórída og átti í viðskiptum við Baug í Bandaríkjunum. Einnig átti hann hlut í snekkjunni Thee Viking, á móti Baugsmönnum. Reksturinn á vöruhúsi Jóns Geralds gekk ekki sem skyldi og á haustmánuðum 2001 kom í ljós að viðskiptin við Baug voru ekki jafnmikil og samningar höfðu verið gerðir um. Því var hagnaður Jóns Geralds minni en hann hafði áætlað.

Vorið 2002 fara í gang samningaviðræður milli Jóns Geralds og Baugs vegna þessa og útlit er fyrir að sættir náist. Baugur býðst meðal annars til að greiða það sem upp á hagnaðinn vantar vegna minni viðskipta en samið var um.

Í júní 2002 slítur Jón Gerald samningaviðræðum og hættir viðskiptum við Baug. Þá er hann kominn í samband við Styrmi og Jón Steinar og farinn að undirbúa kærna á hendur Baugi.

Jón Gerald kærir Baug í ágúst 2002 og í kjölfarið ræðst efnahagsbrotadeild lögreglunnar til atlu og gerir húsléit í höfuðstöðvum Baugs 28. ágúst sama ár.

**Jón Steinar Gunnlaugsson, þá hæstaréttarlögmaður**  
Einn helsti ráðgjafi Davíðs Oddssonar um áratugaskeið tekur að sér mál Jóns Geralds fyrir milligöngu Styrmis. Hafði um árabil starfað sem lögmaður Árvakurs, útgáfufélags Morgunblaðsins, og varði meðal annars Agnesi Bragadóttur blaðamann í máli sem höfðað var gegn Morgunblaðinu í kjölfar skrifna Agnesar um endalok Sambandsins.

Agnes var krafinn um að gefa upplýsingar um heimildarmann sinn en dómnun var hnekktt í Hæstarétti. Styrmir segir að meðal annars vegna þeirra starfa Jóns Steinars hafi hann ákveðið að benda Jóni Gerald á hann þegar hann leitaði að lögmanni í Baugsmálinu.

Jón Steinar var þegar nefndur til sögunnar í byrjun maí 2002. Í lok maí talast hann og Jón Gerald fyrst við í síma en hittast ekki fyrr en síðar. Opinberlega tekur Jón Steinar við máli Jóns Geralds í júlí og fór þá að senda Styrmi gögn um málið sem Jón Gerald sendi honum. Jón Steinar ráðleggur Jóni Gerald annað tveggja: Að höfða einkamálið á hendur Baugi eða kærna þá til lögreglu fyrir brot á lögum.

Jón Steinar kærir Baug fyrir hönd Jóns Geralds en semur síðar um 120 milljóna króna greiðslu til handa Jóni Gerald frá Baugi svo mál Jóns Geralds gegn Baugi í Bandaríkjunum verði látið niður falla.

**Kjartan Gunnarsson, framkvæmdastj. Sjálfstæðisflokksins**  
Trúnaðarvinur Styrmis og einn áhrifamesti maður í Sjálfstæðisflokki og oft nefndur maðurinn á bak við Davíð Oddsson. Tengdur Styrmi nánum fjölskylduböndum og að sögn Styrmis þrautgóður á raunastund enda hafi hann oft leitað til hans þegar mikið lá við.

Þegar Jón Gerald spyr Styrmi ráða um hvaða lögmann hann eigi að velja til að fara með mál sitt gegn Baugi dettur Styrmi Jón Steinar í hug. Það er þó ekki fyrr en eftir samráðsfund með Kjartani og Jóni Steinari, sem haldinn var á ritstjórnarskrifstofu Morgunblaðsins um mánaðamótin júní/júlí, að Styrmir treystir sér til þess að mæla með Jóni Steinari við Jón Gerald.

Kjartan, Styrmir og Jón Steinar hittast því til að ræða hæfi og hæfni Jóns Steinars sem lögmanns og komust að þeirri niðurstöðu að hann væri nægilega hæfur lögmaður til þess að fara með mál Jóns Geralds gegn Baugi.

Kjartan hafði, þrátt fyrir að vera einn helsti ráðgjafi Davíðs, þó aldrei nefnt Jón Gerald Sullenberger í eyru Davíðs, áður en innrásin var gerð í höfuðstöðvar Baugs.

sda@frettabladid.is



**NÆSTI FORSETI?** Rudolph Giuliani hugleiddi hvort hann vilji verða næsti forseti Bandaríkjanna.

Kosningar í Bandaríkjunum:

## Giuliani íhugar framboð

**FORSETAFRAMBOÐ** Fyrrum borgarstjóri New York, Rudolph Giuliani, upplýsti á ferð sinni um Danmörku nýverið að hann ætlaði að ákveða á næsta ári hvort hann byði sig fram til forseta árið 2008. Hann setti þó þann fyrirvara að þessar hugleiðingar hans um að verða forsetaefni repúblikana gætu að engu orðið.

Giuliani þótti sýna fádæma leiðtogaþæfileika í kjölfar hörmunganna í New York þann 11. september árið 2001. Hann var í Danmörku vegna ráðstefnu viðskiptaleiðtoga í Kaupmannahöfn. ■

Lögreglan í Kópavogi:

## Lokaði skemmtistað

**LÖGREGLUMÁL** Skemmtistað í Kópavogi var lokað skömmu eftir miðnætti í fyrrinótt en lögreglan kom þá að nokkrum unglingum undir lögaldri þar inni. Var það annað kvöldið í röð sem lögreglan finnur börn á þessum stað.

Málið hefur verið kært til sýslumanns og mega eigendur staðarins því eiga von á fjársektum eða leyfissmissi.

Samkvæmt lögum verður gestur að vera 18 ára eða eldri til að sækja skemmtistað sem þennan.

Staðnum var aðeins lokað þessa nótt en eigendur gátu opnað aftur næsta dag.

- jse

## VEFSMÍÐI

### Dreamweaver MX 2004

Dreamweaver er eitt vinsælasta vefsmíðaforrit á markaðnum í dag enda bæði fjölbreytt og afar einfalt í notkun. Á þessu námskeiði verður farið í helstu grunnatriði Dreamweaver og hvernig má nota það til að búa til vefsíður og halda þeim við.

Einnig verður kennd notkun margmiðlunarfnis og javascript til að krydda vefsíður ásamt faglegri uppsetningu skráa á vefsvæði. Í lok námskeiðsins búa nemendur til fullkláraðan vef og læra hvernig á að setja vefsíður inn á Netið. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans.

Lengd námskeiðs 31 kennslustund. Kennt er mánudags- og miðvikudagskvöld frá kl 17:30 - 21:00. Hefst 10. okt og lýkur 26. okt. Verð kr. 29.000,- (Kennslubók innifalinn)

**TÖLVUSKÓLINN PEKING**

Faxafen 10 • 108 Reykjavík • Sími: 544 2210 • www.tsk.is • skoli@tsk.is



Kosning Sólveigar Pétursdóttur sem forseta Alþingis:

## Ekki var hægt að segja nei

**STJÓRNMÁL** Frjálslyndi flokkurinn er óánægður með að ekki skuli hafa verið hægt að segja „nei“ við kosningu Sólveigar Pétursdóttur í embætti forseta Alþingis. Eingöngu var hægt að ýta á „já“-takkann eða „greiðir ekki atkvæði“, en Sólveig var ein í kjöri. Í tilkynningu sem flokkurinn sendi frá sér á laugardag segist flokkurinn hafa ætlað sér að undirstrika óánægju sína með því að segja nei, en þar sem það var ekki hægt er ómögulegt að sjá hversu margir voru alfarið á móti kosningu Sólveigar, heldur eingöngu að 12 af 63 þingmönnum hefðu setið hjá.

Að sögn Helga Bernóðssonar, skrifstofustjóra Alþingis er ástæðan fyrir þessu sú að kosningin er skrifleg samkvæmt þingskópum. „Það var bara hægt að gera tvennt, að skrifa nafn Sólveigar Pétursdóttur eða skila



**ALÞINGI SETT** Frjálslyndi flokkurinn mótmælir því að ekki skuli hafa verið hægt að segja „nei“ við kosningu Sólveigar Pétursdóttur sem forseta Alþingis.

audu,“ segir Helgi, og bætir við að til að flýta fyrir hefur Alþingi notað við atkvæðagreiðslukerfið í

allmörg ár, en langt er orðið síðan fleiri en einn var í kjöri til embættis forseta Alþingis.

- smk

## „Við hlökkum til að fá hann heim.“

Hörður sonur okkar er í uppsetningarsveit Hive. Hann fer heim til fólks sem hefur verið lokað inni árum saman með mjög takmarkaða tengingu og frelsar það með margfalt meiri hraða og niðurhali á aðeins 3.990 kr. á mánuði. Þó svo að frelsisbaráttan sem hófst fyrir nokkrum mánuðum sé langt komin eru enn margir sem bíða þess að losna. Vonandi verður það sem fyrst svo við sjáum Hörð um jólin. Þangað til viljum við að hann viti hvað við erum stolt af honum.

GOTT FOLK MCCANN

3.990\*  
**Hive**Lite

Práðlaust internet  
4 GB niðurhal  
8 Mb tenging  
Hive netsími

\*Hive Lite er hagkvæm áskriftarleið sem færir þér práðlaust internet, 4 GB niðurhal, 8 Mb tengingu, ódýrari símtöl – aðeins 5 kr. á mínútu í heimasíma rúmlega 30 landa og fullkominn tækjabúnað, ásamt allri uppsetningu án aukagjalds á aðeins 3.990 kr. á mánuði.

Hive.is · Grensásvegi 16 · Reykjavík · Þjónustusími 414 1616 · hive@hive.is

\*M.v. 12 mánaða samning.

**Hive**



www.ru.is/simennt  
SÍMENNT HR



## Tímastjórnun

Vilt þú skipuleggja tíma þinn betur?

Á námskeiðinu er farið yfir skipulagningu, yfirfærslu verkefna, markmiðagreiningu, ábyrgð, streitu og nútíma starfshætti. Þátttakendur öðlast þekkingu við forgangsröðun verkefna, þróun aðgerðalista og færni í að setja fram raunhæf markmið.

Kennt er 13., 14. og 20 október, kl. frá 16:30 - 19:30. Námskeiðið er samtals 9 tímar.

Verð kr. 18.000

Frekari upplýsingar veitir:  
Charlotta Karlsdóttir  
Beinn sími: 599 6258  
Skíptíborð: 599 6200  
charlotta@ru.is  
www.ru.is/simennt

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK  
REYKJAVÍK UNIVERSITY

Könnun meðal eldri borgara í Laugardal:

## Auðvelt að komast í laugarsamfélagið

**KÖNNUN** Auðvelt eða mjög auðvelt er fyrir nýliða að komast inn í félagsskapinn í sundlauginni í Laugardal, samkvæmt viðhorfskönnun sem unnin var meðal eldri borgara í Laugardal. Má því segja að eldri borgarar taki jafnöldrum sínum opnum örmum í pottunum í Laugardalnum.

Könnunin var gerð til að fá mynd af stöðu mála, en hverfisráð Laugardals stefnir að því að gera Laugardalinn að fyrirmyndarhverfi í þjónustu og aðstöðu fyrir eldri borgara.

Almenn ánægja er með umhverfi og aðbúnað Laugardalslaugar sem og aðgengi og opnunartíma. Í könnuninni kemur enn fremur



**ÞRÖNG Á ÞINGI** Oft eru margir í pottunum í Laugardalnum, þó sjaldnast jafn margir og þegar þessi mynd var tekin en hún er af sundkórnum sem syngur í lauginni á föstudögum.

fram að flestir svarendur fara þrisvar til sjö sinnum í sund í viku og sækja jafnan lagina á einkabíl.

Sérstök könnun var gerð á heimaþjónustu og leiðir hún í ljós að um 35 prósent taka þátt í einhverju félags- eða tómstundastarfi. Heilsuleysi og tímaleysi eru helstu ástæður þess að fólk gerir það ekki en einnig var áhugaleysi nefnt. Flestir svarenda stunda hins vegar útiveru, hreyfingu eða líkamsrækt.

Þorri þeirra sem spurðir voru sögðust ekki þjáast af einmanaleika og fer í, eða fær, heimsóknir einu sinni í viku eða oftar.

Ítarlegar niðurstöður könnunarinnar verða kynntar á íbúðingum eldri borgara í Laugardal sem haldið verður á Grand hóteli í dag og stendur milli kl. 12.30 og 16.30.

- bps

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**EKIÐ Á GANGANDI VEGFARANDA** Gangandi vegfarandi fótbrotnaði þegar ekið var á hann á Breiðholtsbraut, skammt frá gatnamótunum við Skógarsel, um klukkan þrjú í fyrrinótt. Hann fótbrotnaði.

**MIKIÐ UM ÖLVUNARAKSTUR** Sex ökumenn voru teknir grunaðir um ölvun við akstur í Reykjavík í fyrrinótt og þrír í Kópavogi. Mikill erill var hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu þá um nóttina og einnig hjá lögreglunni á Akureyri.

**VARÐ VIÐSKILA VIÐ GÖNGUHÓP** Kona ein varð viðskila við ferðafélaga sína á fjallinu Þríhyrningi, sem er skammt frá Hvolsvelli, um miðjan dag í gær og fann þá ekki aftur svo hún hringdi á hjálþ. Þjörgunarsveitarmenn frá Hvolsvelli voru þó ekki lagðir af stað þegar félagar hennar fundu hana heila á húfi.

MYND/ÞP



**RETT FYRIR ÁRÁSINA** Þessi mynd er fengin úr myndbandi sem var tekið upp á kaffihúsi í Balí skömmu áður en gerð var sjálfsmorðsárásir á staðnum.

## Árásir á Balí fordæmdar

Tveir menn frá Malasíu eru grunaðir um að hafa staðið á bak við sjálfsmorðsárásirnar á Balí á laugardag. Leiðtogarnir Blair og Pútin fordæma árásirnar.

**BALÍ, INDÓNESÍU, AP** Talið er að tveir menn frá Suðaustur-Asíu hafi staðið á bak við sjálfsmorðsárásir á þremur veitingastöðum á eyjunni Balí í Indónesíu á laugardag. 26 manns fórust í árásunum.

Mennirnir, sem tengjast al Kaída-hryðjuverkasamtökunum, eru frá Malasíu. Eru þeir einnig sagðir hafa staðið á bak við skæðar sprengingar á sömu eyju árið 2002, þar sem 202 manneskjur fórust, og tvær árásir í höfuðborginni Jakarta árin 2003 og 2004. Mennirnir heita Azahari bin Husin og Noordin Mohamed Top. Borin hafa verið kennsl á líkamsleifar þeirra þriggja sem talið er

að hafi framkvæmt sjálfsmorðsárásirnar og voru þessir tveir ekki á meðal þeirra.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, fordæmdi árásirnar í gær og lýsti yfir stuðningi við baráttu Indónesíu gegn hryðjuverkamönnum. „Við stöndum með Indónesum á þessum erfiðu tímum,“ sagði Blair. „Ég vil einnig lýsa yfir stuðningi við íbúa Balí sem þurfa nú að jafna sig á öðru hroðaverki svo skömmu eftir árásina árið 2002.“ Vladimir Putin, forseti Rússlands, sendi einnig samúðarkveðjur sínar vegna árásanna og krafðist harðari aðgerða gegn hryðjuverkamönnum. ■

Eitt af hverjum fjórum börnum ekki bóluset:

## Bólusetningum enn áfátt í fátækari löndum heims

**HEILBRIGÐISMÁL** Fjórðungur barna heimsins og 40 milljónir þungaðra kvenna eru í hættu vegna sjúkdóma sem einfaldar bólusetningar geta komið í veg fyrir, samkvæmt nýrri skýrslu UNICEF. Í 41 landi hefur bólusetningum fækkað síðastliðinn áratug.

Bólusetning er oft eina tegund heilsugæslu sem ungbörn hljóta, en UNICEF útvegar bóluefni við banvænum sjúkdómum svo sem kighósta, stífkrampa og mislingum til yfir 40 prósent barna í heiminum.

Flest lönd í Rómönsku Ameríku, Karíbahafinu, Mið- og Austur Evrópu, fyrrum lýðveldum Sovétríkjanna, Miðaustralöndum, Norður-Afríku og iðnríkjanna vinna staðfastlega að bólusetningu, en skýrslan segir mörg lönd sunnan Sahara í Afríku og í Suður-Asíu þurfi að taka sig á, og til þess þurfi þau stuðning ríkari landa. Sérstaklega þurfa löndin Haítí, Bólívía og Súrinam mikla aðstoð.



**BÓLUSETNING BARNNA** Eitt af hverjum fjórum börnum í heiminum er í hættu vegna sjúkdóma sem hægt er að koma í veg fyrir með bólusetningu samkvæmt nýrri skýrslu UNICEF.

Það kemur fram í skýrslunni að það er bólusetningum að þakka að dauðsföllum vegna mislinga hefur fækkað um nær helming á síðustu fimm árunum.

- smk

## NÁM Í NÚTÍÐ OG FRAMTÍÐ PÆLT Í PISA

Málþing Rannsóknarstofnunar KHÍ Kennaraháskóla Íslands 7. og 8. október

### Aðalfyrirlestrar

#### Föstudagur 7. okt.

Setning: Ólafur Proppé, rektor KHÍ

Ávarp: Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson

Lestur sem leynir á sér Þorbjörn Broddason, prófessor

Is the sky the limit in educational performance?

Andreas Schleicher, forst.m. námsm.st OECD

Úttekt á rannsóknnum

á sviði fræðslu- og menntamála

Allyson Macdonald, prófessor

Málþroski leikskólabarna

og tengsl hans við þróun læsis

Hrafnhildur Ragnarsdóttir, prófessor

Að þekkja matinn frá moðinu: Gagn og ógagn af samræmdum

prófum í grunnskóla

Rúnar Sigþórsson, dósent

Skakki turninn og PISA.

Stuðningur framhaldsskólans

við seinnlæsa nemendur

Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, framh.skólak.

Skólinn og nemendur

með skerðingu og frávik í þroska

Laufey I. Gunnarsdóttir, þroskabj./einhv.ráðgj.

#### Laugardagur 8. okt.

Árangur íslenskra nemenda

í PISA 2003: Segja þessar tölur

okkur eitthvað nýtt?

Amalía Björnsdóttir, dósent

Hvernig gengur barninu að ná

tökum á lestri og hvað getur þú

gert til að hjálpa því?

Steinninn Torfadóttir, lektor

Raunveruleikur – nýtt kennsluefni

í fjármála- og neytendafræðslu

Ómar Örn Magnússon, grunnskólakennari

Lestrarnám barna

í evrópskum samanburði

Baldur Sigurðsson, dósent ofl.

Rýnt í lestrarnám barna

í fyrsta bekk, stafi og orð,

einföld og flókin

Rannveig G. Lund, lestrarfræðingur ofl.

Hvað má lesa út úr fáeinum íslenskum

rannsóknnum um lestrarerfiðleika?

Rannveig G. Lund, lestrarfræðingur ofl.

Auk þess verða flutt ríflega 80 erindi í málstofum, m.a. um nýbreytnistarf og rannsóknir á öllum skólastigum, frá leikskóla til háskóla, náttúruvísindi í leik og grunnskólum, íþróttir og hreyfingu, listir og menningu, kynjamun á námsárangri, upplýsingatækni í kennslu, foreldrastarf ofl.

Dagskrá og skráning á vef málþingsins <http://malthing.khi.is>

Skráningargjald er kr. 2.500 fram til 5. október, en kr. 3.500 eftir það.

Námsmannaafsláttur til háskólanema í grunnnámi.

Málþingið er haldið á vegum Rannsóknarstofnunar KHÍ í samvinnu við Félag íslenskra framhaldsskóla, Grunn; samtök skólaskrifstofa, Heimili og skóla; landssamtök foreldra, Kennarasamband Íslands, Menntamálaráðuneytið, Menntasvið Reykjavíkur og Stúdentaráð KHÍ

Landsbankinn  
Banki allra landsmanna

KENNAHÁSKÓLIT  
ÍSLANDS





# LCD OG PLASMA TILBOÐ



ÖRPUNNT  
LCD




**JVC** LT32A60

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með DynaPix og D.I.S.T., 1366x768 punkta upplausn og 1000:1 skerpu, 500cd/m<sup>2</sup> birtu, 7ms svartíma, HDTV Ready (480p, 576p, 720p og 1080i), fullkomnum litstýringum (Gamma Curve og Dyn. Black Level), 20w Nicam Stereo hljóðkerfi, fullkomnu textavarpi, 2 Scart tengjum, SVHS, RCA og heymartólstengi, Component (Y, Pr, Pb) og PC tengi (VGA), borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ 199.990

FULLT VERÐ kr. 229.990




ÖRPUNNT  
LCD

**UNITED** LTV15L50 12v/220v

15" LCD Sjónvarp með móttakara, 1024x768 punkta upplausn, 400:1 skerpu, Comb filter, Noise Reduction, 8w stereo hljóðkerfi, textavarp með 125 síðna minni, Scart (með RGB), SVHS og RCA tengi, PC-inngangi (VGA), tengi fyrir heymatöl, tónjafnara, svefnrofa, vekjara, borðstandi og fjarstýringu. 12 og 220V.

**TILBOÐ** ▶ 39.990

FULLT VERÐ kr. 49.990



**UNITED** LTV20L50

20" LCD SJÓNVARP með fjölkerfa móttakara, 640x480 punkta upplausn, skerpa: 500:1, sjónsvið: (H/V) 160x140, birtustig: 450cd/m<sup>2</sup>, stereo hljóðkerfi, 2 Scart með RGB, AV og SVHS inn og Scart og heymartól út, PC-inn, textavarpi, borðstandi og fjarstýringu.

**TILBOÐ** ▶ 59.990

FULLT VERÐ kr. 89.990



**UNITED**

LTV32

32" HD LCD BREIÐTJALDSSJÓNVARP með 1366x768 (VGA, SVGA, XGA) upplausn og Progressive Scan, HDTV Ready (stýður 720p og 1080i), 800:1 skerpu og 550 cd/m<sup>2</sup> birtu, 12ms svartíma og (H/V): 170°/170° sjónsvið, 2x10w hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengi, Component (YPbPr) PC tengi (DVI-D og VGA), AV og heymartólstengi að framan, mynd í mynd (2 Tunerar), textavarpi og fjarstýringu.

ÖRPUNNT  
LCD

**TILBOÐ** ▶ 139.990

FULLT VERÐ kr. 149.990



**UNITED** PTV42

42" PLASMA SJÓNVARP með 852x480 upplausn (VGA, SVGA, XGA), Progressive Scan, 2x10w Nicam stereo hljóðkerfi með 2 hátölurum, 2 Scart tengjum, DVI og PC tölvutengi, mynd í mynd (2 Tunerar) textavarpi og fjarstýringu.

ÖRPUNNT  
PLASMA

**TILBOÐ** ▶ 179.990

FULLT VERÐ kr. 199.990



**PHILIPS** 42PF4320

42" ED PLASMA SJÓNVARP með 852x480 (VGA, SVGA, XGA, SXGA) upplausn og 10.000:1 skerpu, Digital Crystal Clear og Progressive Scan, stýður HDTV, Active Control með ljósskynjara og Anti reflex til að minnka glampa, 2x30w Nicam Stereo Hljóðkerfi með Virtual Dolby Surround, Smart Picture og Smart Sound, 6 breiðtjaldsstillingum, 2 Scart tengi og PC Tengj (DVI), SVHS, RCA og heymartólstengi, textavarpi og fjarstýringu.

**VERÐ** ▶ 249.990

FRÁBÆRT VERÐ

ÖRPUNNT  
PLASMA

**TILBOÐ** ▶ 299.990

FULLT VERÐ kr. 349.990



**JVC**

PD42B50

42" PLASMA BREIÐTJALDSSJÓNVARP með D.I.S.T myndtækni, Super DigiPure og Digital Comb Filter, 852x480 punkta upplausn með 3000:1 skerpu, stýður HDTV, fullkomnar litstýringar, textavarp, tvískiptur skjá möguleiki (mynd og mynd/textavarp), mynd í mynd (1 móttakari), 20w RMS, BBE Nicam stereo hljóðkerfi, 3D Sound með Active Hyper Bass, 3 Scart, Component og SVHS tengi, RCA og heymartólstengi, T-V Link og veggfesting.

WWW.HJEBERKALIS



## Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

UMBODSMENN UM LAND ALLT ▶ REYKJAVÍKURSVAEÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi, Kaupfélag Borgfirðinga, Borgarnesi, Blómsturvellir, Hellissandi. VESTFIRDIR: Þrustur, Ísafirði, Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík, KF V-Húmvetninga, Hvammstanga, Krákur, Blönduósi, Skagfirðingabúð, Sauðárkrúki, Ljósgrajinn, Akureyri, Öryggi, Húsavík, AUSTURLAND: KF Héraðsbúa, Egilsstöðum, Verslunin Vík, Neskaupsstað, Kaupún, Vopnafirði, KF Héraðsbúa, Seyðisfirði, Tumbbræður, Seyðisfirði, Sparkaup, Fáskrúðsfirði, Martólvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu, Fossvaf, Selfossi, Rás, Þorlákshöfn, Brimnes, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Rafeindatekni, Kellavík, Ræflagnavnustofa Sigurðar Ingvarssonar, Garði, Ræfmætti, Hafnarfirði.

Stasi njósnaði um Joseph Ratzinger áður en hann varð páfi:

## Talinn hættulegur kommúnisma

**ÞÝSKALAND** Austur-þýska leyniþjónustan sáluga, Stasi, áleit Joseph Ratzinger kardinála, sem nú er Benedikt páfi sextándi, einn hættulegasta gagnrýnanda kommúnisma og njósnaði um hann frá árinu 1974. Þetta kemur fram í þýska tímaritinu Bild am Sonntag sem birti nýlega gögn sem sýna að Stasi fylgdist náið með Ratzinger í mörg ár.

Þar kemur fram að vinátta Ratzingers við hinn pólska Jóhannes Pál páfa annan var álitin mjög hættuleg. Talið var að Ratzinger, sem fæddur er í Bæjarlandi, gæti haft töluverð áhrif á andstöðu gegn kommúnisma innan kaþólsku kirkjunnar.



Í skjölunum kemur einnig fram að Stasi reyndi árið 1981 að finna einhverjar vísbendingar um að Ratzinger hefði verið viðriðinn Nasistaflokkinn, en vitað er að Ratzinger var félagi í Hitleræskunni. Sú leit bar þó engan árangur.

Bild am Sonntag heldur því fram að Benedikt páfi sjálfur hafi leyft birtingu á skjölunum en yfirvöld í Vatikaninu hafa ekki viljað staðfesta það.

- sgi

**BENEDIKT PÁFI SEXTÁNDI** Austur-þýska leyniþjónustan fylgdist náið með Ratzinger í gegnum árin.

Bílvelta í Vestmannaeyjum:

## Réttindalaus og ölvaður

**LÖGREGLUMÁL** Sautján ára piltur velti jeppa á veginum norðan Breiðabakka í Vestmannaeyjum og er bifreiðin talin ónýtt en pilturinn slapp lítið meiddur líkt og jafnaldri hans sem var með í för.

Pilturinn hafði stolið bifreiðinni en hann er ekki kominn með ökuréttindi. Lögreglan í Vestmannaeyjum grunar piltinn um að hafa verið ölvaður við aksturinn og bendir flest til þess að hann hafi ekið mun hraðar en leyfilegt er.

Piltarnir gengu til byggða af slysstöð og voru því næst sendir til aðhlyningar á sjúkrahúsið en meisl þeirra reyndust ekki alvarleg. - jse



**HREINSAD Í NEW ORLEANS** Martin Aguinaga frá Oklahoma hreinsar rusl eftir fellibyljuna Katrínu og Ritu af götunni Canal Street í New Orleans.

# DV

Tindur höfuðkúpubraut unglíng

## BRJÁLÆÐINGUR MEÐ SVEÐJU A LOFTI

**HAFÐI ÁÐUR  
STUNGID PILT  
Í HÁLSINN MEÐ  
SKRÚFJÁRNI**

*Þeir þegar aðrir þegja!*



## Trú á endurreisn Slippstöðvarinnar

Formaður iðnaðarnefndar Alþingis hefur trú á því að Slippstöðin á Akureyri verði endurreist þrátt fyrir greiðslustöðvun. Bæjarstjóri Akureyrar segir verkefnastöðu Slippstöðvarinnar góða.

**ATVINNUMÁL** Birkir Jón Jónsson, þingmaður Framsóknarmanna og formaður iðnaðarnefndar Alþingis, hefur fulla trú á því að Slippstöðin á Akureyri, sem þurfti að sækja um greiðslustöðvun á dögnum, verði endurreist á sama stað.

„Ég vil að stjórnvöld beiti sér í þá átt að bæta samkeppnisstöðu skipasmíðaiðnaðar hér á landi gagnvart erlendum aðilum og tel þetta vera mikið forgangsmál,“ segir Birkir.

Að sögn Birkis eru þegar komnar fram tillögð í nokkrum liðum frá nefnd sem var skipuð af iðnaðarráðherra þar sem fulltrúar frá iðnaðarráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu og Samtökum iðnaðarins fóru yfir leiðir til að bæta starfsumhverfi íslensks skipaiðnaðar. Hann segir afar mikilvægt að missa ekki þennan iðnað úr landinu. „Það er nú einu sinni þannig að undirstöðuatvinnugrein þjóðarinnar er fiskveiðar og sá atvinnuvegur þarf að fá þjónustu frá fyrirtækjum eins og Slippstöðinni. Það væri dýrt að missa þessa þjónustu úr landi því



**SLIPPSTÖÐIN** Forsvarsmenn Slippstöðvarinnar á Akureyri sóttu um greiðslustöðvun á dögnum.

það er mikil þekking í fyrirtæki eins og Slippstöðinni.“

Kristján Þór Júlíusson, bæjarstjóri á Akureyri, hefur einnig trú á að rekstur Slippstöðvarinnar haldi áfram og er ánægður með ummæli Birkis Jóns. „Það er mjög ánægjulegt að verða vitni að því að framsóknarþingmenn og fulltrúar ríkisstjórnarinnar skuli hafa svona tróllatrú á íslenskum skipasmíðaiðnaði, sérstaklega á Akureyri. Það verður fróðlegt að sjá hvernig þeir

beita sér í því,“ segir Kristján Þór. „Bæjar- og hafnaryfirvöld á Akureyri hafa verið í samskiptum við starfsmenn stöðvarinnar og ég hef enga trú á öðru en að rekstur haldi þarna áfram. Þarna er mikil þekking fyrir hendi og ágætis verkefnastaða í viðhaldi skipa. Það er ástæðulaust að láta þetta verkefni á Kárahnjúkum draga niður þá verkþekkingu og kunnáttu sem er þarna fyrir hendi.“

frey@frettabladid.is

Afgreiðslutími forræðismála stefnir fjölskyldutengslum í hættu:

## Um níu mánaða bið

**DÓMSMÁL** Það tekur sýslumann Reykjavíkur níu mánuði að meðaltali að fella úrskurð í umgengismáli, og dóms- og kirkjumálaráðuneytið tekur sér enn rýmri tíma til þess sama. Þetta kemur fram í kandidatsritgerð Helga Áss Grétarssonar, sem hann varði við lagaðild Háskóla Íslands á föstudag. Helgi skoðaði 302 umgengismál hjá sýslumanninum í Reykjavík og 41 mál á sama tímabili hjá ráðuneytinu á árunum 2002 til 2003.

„Þetta ástand hefur verið lengi svona,“ segir Ingimundur Sveinn Pétursson, formaður Félags einstæðra foreldra, og bætir því við að þó lítill eða enginn ágreiningur sé milli foreldranna getur mál þeirra samt sem áður tekið fjölmarga mánuði.

Íslenska stjórnarskráin gerir ráð fyrir að allir hafi rétt á fjölskyldulífi og því að fá úrlausn sinna mála innan hæfilegs tíma. Þó er staðreyndin sú að stundum tekur málaskak það langan tíma að fjölskyldulíf fer mikið úr skorðum, og þá er það oft sem annað foreldrið, yfirleitt faðirinn, hvorki heyrir né sér barn sitt mánuðum saman.

„Þetta getur verið stressandi og sárt fyrir það foreldri sem er að missa af umgengni á meðan yfirvöld komast að niðurstöðu. Börn mynda tilfinningatengsl frá tveggja og upp í fimm ára, og ef verið er að hamla umgengi á þess-



**INGIMUNDUR SVEINN PÉTURSSON** Formaður Félags einstæðra foreldra segir íslensk yfirvöld oft taka of langan tíma til að fella úrskurð í umgengismálum.

um tíma þá getur það skemmt gríðarlega fyrir næstu átján árunum,“ segir Ingimundur, og bætir við að stundum verði tímalengd málaferlanna til þess að foreldrið sem ekki hefur umgengnisrétt hreinlega gefist upp og hætti að reyna að hafa samband við börnin sín.

- smk



**ABI-Burstamottur**

ABI-burstamotturnar henta einkar vel við íslenskar aðstæður þar sem allra veðra er von við innganginn – hreinsa bleytu og óhreinindi undan skónum.

**NOTRAX**  
gólfmottukerfið

Fjarlægir u.þ.b. 85% af bleytunni og óhreinindunum áður en þau berast inn. Ræsti- og viðhaldskostnaður lækkar verulega.

Á tilboði  
í október 2005  
**Gólfmottur**  
fyrir alla innganga

**Skemmtilegri aðkoma**  
– forvörn í ræstingum

**Rekstrarvörur**

- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík  
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665  
sala@rv.is • www.rv.is



# HR-V

# HONDA

The Power of Dreams

## Hagkvæmasti borgarjeppinn nú á enn lægra verði



\* Bilasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum



HR-V Sport með sóllúgu og 16" álfelgum á sérstöku tilboði aðeins

**2.149.000** kr.

**22.441** kr. á mánuði\*

HRV & SUV / SIA



### Sá knái í vetrarumferðinni

Taktu mið af veðráttunni, gefðu vetrinum langt nef og njóttu hans eins og hann er. Honda HR-V með nett ytra rými og líflega hönnun á eftir að kynda undir góða skapið í vetur. Frísk og sparneytin vélin og innanrými sem má aðlaga fyrir allar aðstæður, hvort sem leiðin liggur um hálar götur eða vegi og fjórhjóladrifið tryggir örugga rásfestu. Nú er enn ódýrara að gera lífið svolítið sportlegra um leið og öryggið ræður í vetraríkinu.

[honda.is](http://honda.is)



BERNHARD ehf. Vatnagarðar 24-26 · Sími 520 1100  
[www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

## SVONA ERUM VIÐ

Mannfjöldi á Íslandi



Heimild: Tölur Hagstoflu Íslands í desember á hvert

## baksvið

fréttir og fróðleikur

## FBL GREINING: KVENNAFRÍDAGURINN

## Enn þykir þörf á kvennaverkfalli

Í ár eru þrjátíu ár liðin síðan kvennafrídagurinn var haldinn þann 24. október árið 1975. Þá tóku íslenskar konur sér frí á degi Sameinuðu þjóðanna á alþjóðlegu kvennaári til að sýna fram á mikilvægi starfa kvenna í þjóðfélaginu. Athafnalíf í landinu lamaðist að miklu leyti. Á Lækjartorgi í Reykjavík var haldinn fundur sem 25 þúsund manns sóttu, flest konur.

## Hvernig var staðan þá?

Í skýrslu sem birtist í júní árið 1975 á vegum félagsfræðibrautar Háskóla Íslands kom berlega í ljós afleið staða kvenna á vinnumarkaði. Þar kom í ljós að þótt karlar og konur byggju við sama lagalega rétt til menntunar, atvinnu, launa og stjórnmálaþega áhrifa skorti í raun mikið á að jafnrétti kynjanna ríkti á þessum sviðum. Konur höfðu almennt minni menntun, atvinnulífið greindist í ákveðin kvenna- og karlastörf.

Kvennastörfin voru yfirleitt verr launuð og tekjumunur karla og kvenna á flestum sviðum allverulegur. Þjóðfélagsleg forysta var nær alglega í höndum karla.

Það segir kannski nokkuð að skýrslan var kynnt af forklófum félagsfræðibrautar, þeim Ólafi Ragnari Grímssyni forseta en þá prófessor og þáverandi lektorunum Þorbirni Broddasyni og Haraldi Ólafssyni sem báðir eru nú prófessorar við háskólann.

## Hvernig er staðan nú?

Enn þykir ástæða til að blása til kvennaverkfalls. Launamunur karla og kvenna er enn talsverður



en er nú nefndur öðrum nöfnum eins og óunnin yfirvinna og bílastyrkur. Samkvæmt launakönnun Verslunarmannafélags Reykjavíkur er kynbundinn launamunur fjórtán prósent. Til að sýna árangursleysi síðustu þrjátíu ár verður blásið til verkfalls á ný og konur hvattar til að ganga út úr vinnu sinni klukkan 14.08 þann 24. október næstkomandi. Þá mætast konur í kröfugöngu klukkan 15 á Skólavörðuholti og berja í potta og pönnur. Gengið verður niður á Ingólfrstorg þar sem haldinn verður útfundur.

## SPURT &amp; SVARÐ

■ JAMES DEAN

## Dean var „method“ maður

Á föstudag var hálf öld liðin síðan leikarinn James Dean dó í bílslysi. Ásgrímur Sverrisson, kvikmyndagerðarmaður, þekkir vel til James Dean og leikstíls hans.

**Ertu aðdáandi James Dean?** Hann var mjög finni leikari. Hann er þessi „legend“ eins og Marilyn Monroe. Hann lék í þremur til fjórum myndum og var góður í þeim öllum. Menn höfðu svo miklar væntingar til hans og trú á því sem hann hefði getað orðið. Menn sáu í honum stóran leikara á borð við Marlon Brando.

**Hvernig var leikstíll Dean?** Hann var „method“ maður eins og Montgomery Clift og Marlon Brando. Þeir voru hvað fremstir í að kynna þennan nýja stíl í leik.

## Í hverju felst hann?

Hann felst í því að leikarinn notar ákveðna aðferð til að samsama sig persónunni. Hann fer djúpt ofan í sálarlífið og kynnir sér allar aðstæður



ÁSGRÍMUR SVERRISSON þekkir vel til leikstíls James Dean.

mjög vandlega. Þarna reynir hann eins og hann getur að setja sig í spor persónunnar. Í dag er þetta standardinn í bandarískum kvikmyndaleik.

## Hvar á þessi leikstíll uppruna sinn?

Þetta er upphaflega komið úr smíðju Lees Strasberg sem var þekktur leiklistarkennari í Hollywood. Hins vegar byggir hann þetta á kenningum Stanislavskis, sem var dramatískur leikhúsmaður í Rússlandi.

## Hverjir fleiri eru þekktir fyrir þennan leikstíl?

Það eru Robert De Niro, Dustin Hoffman og Al Pacino, en auðvitað er Marlon Brando kóngurinn. Hann er mesta stjarnan af þeim öllum.

## Hverjir hafa verið áberandi í „method“ leik á Íslandi?

Það er erfiðara að segja um það. Þetta er auðvitað svoltið bundið við Ameríku en þessi aðferð hefur haft áhrif á leikara út um allt, þar á meðal íslenska leikara. Hún er að mörgu leyti orðin viðmið í leik í dag.

## Líkum stolið og leikskólum ógnað

Dýraverndarsinnar í Bretlandi hafa gripið til öfgakenndra aðgerða gegn rannsóknarstofum sem nota dýr við tilraunir og þeim sem rækta og selja þeim dýrin. Hérlandis eru dýr í vaxandi mæli notuð við tilraunir, án afskipta dýraverndarsinna.

Dýragæska hefur löngum verið talin mikil dyggð en öllu má þó ofgera. Stuldu á líki og hótanir í garð leikskólanna eru aðferðir sem hljóta að teljast í hæsta lagi vafasamar en samt hafa öfgasinnar breskir dýraverndarsinnar ekki skirrt við að beita þeim. Tilgangurinn virðast helga meðalið, í það minnsta hafa aðgerðirnar borið þann árangur að nokkur fyrirtæki sem ræktað hafa tilraunadýr hafa hætt því.

## Líkið enn ófundit

Fyrir þrjátíu árum hætti Hall-fjölskyldan, sem bjó á býlinu Darley Oaks í Staffordshire á Englandi, hefðbundnum búskap og tók að rækta nagdýr til að selja til rannsóknarstofa í tilraunir. Það hefði hún betur látið ógert því síðustu árin hafa dýraverndarsinnar gert fjölskyldunni lífið nánast óþarilegt. Steininn tók úr þegar jarðneskum leifum Gladys Hammond, tengdamóður eins Hall-bræðra, var stolið úr kirkjugarði í sýslunni fyrir tæpu ári og því hótað að því yrði ekki skilað fyrr en dýraraktnunni yrði hætt. Fyrir nokkrum vikum ákvað Hall-fjölskyldan að hætta eldinu en samt hefur líkinu ekki verið skilað. Í vikunni handtók lögreglan svo fjóra menn sem grundaðir eru um aðild að málinu, þeir sitja nú í gæsluvarðhaldi.

Þótt ofangreint mál sé sjálf-sagt það versta er það samt ekki einsdæmi. Í vikunni var sagt frá því að dýraverndarsinnar hefðu haft í hótunum við barnaheimili þar sem börn starfsmanna rannsóknarstofunnar Huntingdon Life Sciences dvelja og á dögnum sprengdu samtökin Animal Liberation Front (ALF) eld-sprengju fyrir framan heimili forstjóra GlaxoSmithKline í Bretlandi. Nokkur misseri eru síðan svipuð samtök sendu bréf til nágðanna manns sem selði býlinu Darley Oaks þjónustu sína, en hann var útmálaður barnaníðingur.

## Strangar reglur um meðferð

Ekki er erfitt að skilja að stærstur hluti almennings er mótfallinn tilraunum á dýrum því auð-



EGGERT GUNNARSSON Aðbúnaður og meðferð tilraunadýra hérlandis lýtur mjög ströngum reglum. Ef til vill er það ástæðan fyrir því að dýraverndarsinnar hafa ekki beint spjótum sínum að íslenskum rannsóknarstofum eins og gerist í Bretlandi.

vitað vill enginn að dýr þjáist að óþörfu. Hins vegar er enginn betur meðvitaður um þetta en þeir sem stunda sjálfar rannsóknirnar. Mjög strangar reglur gilda um tilraunir á dýrum, starfsfólk hefur lokið strangri þjálfun í að meðhöndla dýr á sem mannúðlegastan hátt og vísindalegur ávinningur tilraunanna verður að veða þyngra en þjáningar dýranna. Stærstur hluti tilraunanna felur reyndar aðeins í sér minni háttar óþægindi en í þeim tilraunum sem vitad er að eru sársaukafullar eru dýrin deyfð. Að loknum tilraunum er dýrunum svo lógað á þann hátt að þau finna ekki fyrir sársauka.

Lykilatriði er að í hvert einasta sinn verður að sýna fram á að enginn kostur annar sé í stöðunni en að nota dýr við tilraunina. Í leiðara nýlegs heftis tímaritsins The Economist er því haldið fram að þegar slíkir valkostir eru fyrir hendi þá grípa rannsóknarstofurnar hann fegins hendi því skrifraðið og reglurnar sem fylgja tilraunum eru þungar í vöfum og fyrirtækjunum kostnaðarsamar. Auk þess er á það bent að vegna reglnanna er sennilega ekki hugsað betur um nokkur dýr en þau sem ræktað eru í tilraunastofum. Það er kaldhæðnislegt að ef Hall-fjölskyldan á Darley Oaks snýr sér aftur að hefðbundnum búskap, til dæmis kjúklingarækt, hefur orðið augljós afturför á aðbúnaði dýranna því slíkur fiðurfénaður er ræktaður við heldur dapurlegar aðstæður.

## Tvöföldun á innflutningi

Hérlandis gilda jafnframt mjög strangar reglur um aðbúnað og meðferð dýra sem notuð eru við vísindatilraunir. Til dæmis verður svonefnd tilraunadýrafnefnd, sem í sitja dýralæknar og síðfræðingur, að fjalla um hverja einustu slíka tilraun og eins skal tryggt í hvívetna að dýrin þjáist eins lítið og mögulega er unnt. Eins og kom fram í blaðinu um helgina hefur innflutningur á tilraunadýrum aukist mjög mikið á síðustu árum. Í fyrra voru til dæmis fluttar inn frá Danmörku rúmlega þrjú þúsund mýs, en árið áður voru þær 1.500 talsins.

„Við höfum ekki orðið vör við neinn áróður eða hótanir af hálfu dýraverndarsinna,“ segir Eggert Gunnarsson, dýralæknir á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, þannig að enn sem komið er að minnsta kosti hafa íslenskar tilraunastofur sloppið við aðför á borð við það sem gerst hefur í Bretlandi. Engu að síður eru dýrahúsin vel varin, þar eru þjófavarnakerfi og traustar læsingar en einnig góð loftræsting, stór búr og gnægð matar og vatns eins og reglugerð um dýratilraunir kveður á um, eða eins og Eggert segir: „Þetta er eitthvert dýrasta rannsóknahúsnæði sem til er.“ ■



FRÉTTASKÝRING  
SVEINN GUDMARSSON  
sveinn@frettabladid.is

Til bókaútgefenda:  
BÓKATÍÐINDI 2005

Skilafrestur vegna kynningar og auglýsinga í Bókatiðindum 2005 er til 6. október nk.

Ritinu verður sem fyrr dreift á öll heimili á Íslandi

Allar upplýsingar á skrifstofu Félags íslenskra bókaútgefenda, Barónsstíg 5, sími 511 8020. Netfang: baekur@mmedia.is

Frestur til að leggja fram bækur vegna Íslensku bókmenntaverðlaunanna 2005 er til 10. október nk.

Nánari upplýsingar á skrifstofunni.



FÉLAG ÍSLENSKRA  
BÓKAÚTGEFENDA

# LANDSINS MESTA ÚRVAL

## SúperTurn<sup>3</sup>

**Örgjörvi** 3000+ AMD Sempron - 5754  
1600FSB og Hyper Transport

**Vinnsluminni** 512MB DDR 400 Corsair  
400MHz minni með lífstíðarábyrgð

**Harðdiskur** 160GB 7200RPM - 8MB  
Western Digital Special Edition

**Skjá kort** 128MB ATI Radeon X300  
PCI Express x16 og TV-út tengi

**Hljóðkort** Dolby Digital 5.1 - EAX2  
6 rása Dolby Digital hljóðkerfi

**Annað** Medium Tower Turn kassi  
10/100 netkort, SATA, ATA, ofl.

SúperTurn tölvurnar koma samsettar og harðir diskurinn er forsníðinn og tilbúinn til notkunar. Það eina sem þarf að taka úr eldri vél og setja í nýju er: Geisladrif, diskettudrif og stýrikerfi. Svo notar þú að sjálfsgöngu gamla skjáinn, lykklaborðið og músina.

**HYPER TRANSPORT**  
AMD Sempron er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrautir

**128MB ATI X300**  
Radeon X300 skjá kort sem nýtir 128MB af Dual DDR minni tölvunnar og er PCI Express x16

**HLAÐIN NÝJUNGUM**  
FireWire, USB2, netkort, SATA og ATA harðdiskstýringar og Dolby Digital 5.1 EAX2 hljómur



Western Digital



**VL6**  
• Samtals Kr. 41.302  
**6.650**

**VERÐ 39.900**

**19" XEROX LCD SKJÁR**



**XEROX**

- 19" Xerox XA7-191 LCD skjár með glerhlíf
- 8ms Response time er eitt það hraðasta í LCD skjám í dag
- 1000:1 í skerpu og 1280x1024 upplausn í 75Hz
- XShield Anti-glare glerhlíf skilar ótrúlegri litadýpt
- Glæsilegur Ultra-þunnur skjár með DVI og VGA tengi

**VERÐ 46.900**

**WD HARDIR DISKAR**



Western Digital®

**SPECIAL EDITION**  
Special Edition harðdiskur frá Western Digital sem er 7200RPM og með 8MB buffer

**FLUID BEARING**  
Fluid Dynamic Bearing tæknin skilar mun hljóðlátari og endingarbetri harðdiskum

**WESTERN DIGITAL**  
Betri, hljóðlátari, hraðvirkari og mest seldu harðdiskanir í dag á enn betra verði en áður

**250GB 9.990** | **320GB 14.900**

**AH502i HEYRNATÓL**



ALTEC LANSING

- Stór og þægileg heyrnatól
- Lokuð og tryggja þéttan hljóð
- Handhægur hljóðstillir á snúru
- Hljóðnemi, stillanlegur Hi, Low og Mute

**VERÐ 5.990**

**SÚPERTILBOD 5**



3000+ AMD Sempron HT örgjörvi, 512MB DDR400 minni, K8N Platinum móðurborð, Dolby Digital 7.1 og netkort

**VERÐ 21.900**

**ADSL ROUTER**



ZyXEL

ZyXEL Prestige 660H-61 ADSL / ADSL2 / ADSL2+ modem router innbyggður 4porta switch og eldveggur

**VERÐ 6.990**

**ICY BOX HÝSING**



ICY BOX

Háhraða USB 2.0 utanliggjandi RaidSonic harðdiskahýsing úr áli fyrir hámarks kælingu, hægt að stalla nokkrum saman til að spara borðpláss

**VERÐ 4.990**



MSI GeForce7 NX7800GT 256MB, PCI-E skjá kort  
**VERÐ 44.900**



512MB DDR400 Corsair minni með lífstíðarábyrgð  
**VERÐ 4.990**



ZyXEL þráðlaust netkort 125mbps PCI ZyAIR G360  
**VERÐ 4.990**



Flottur Dragon3 CX djúpur Middle Tower turnkassi  
**VERÐ 9.990**



Planet 5-Port 10/100Base-TX Ethernet Switch  
**VERÐ 2.990**



Planet 10/100/1000 Gigabit Ethernet Adapter  
**VERÐ 1.790**



Örþunnt Logitech Ultra X lykklaborð, fjöldi flýtihnappa  
**VERÐ 4.990**



Sennheiser RS110 þráðlaus heyrnatól  
**VERÐ 4.990**



Vaxtalaus tilboð eru miðuð við mánaðalegar jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf með 3,5% stimpil og lántökugjaldi sem bætist við heildarupphæðina og dreifist jafnt yfir samningstímann

**TÖLVULISTINN**  
SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 12 ÁR

**REYKJAVÍK**  
Nóatúni 17  
Sími 562 6730

**AKUREYRI**  
Glerárgötu 36  
Sími 464 7400

**KEFLAVÍK**  
Hafnargötu 90  
Sími 534 7400

# skoðun

SJÓNARMÍÐ  
KÁRI JÓNASSON

Útflutningsfyrirtæki kvarta mjög undan sterkri stöðu krónunnar og vaxtahækkunum

## Dýrkeypt vaxtahækkun Seðlabanka

Það hlýtur að fara hrollur um marga sveitarstjórnarmenn og verkafólks hjá sjávarútvegsfyrirtækjum víða um land. Svo til á hverjum degi í síðustu viku var tilkynnt um uppsagnir fjölda manna, einkum hjá rækjuvinnslufyrirtækjum. Hjá þeim fer saman hátt gengi krónunnar, sem veldur því að sífellt minna hefur fengist fyrir útflutningsframleiðsluna í íslenskum krónum auk sölutregðu á rækjumörkuðum, og hátt verð á hráefninu. Allt þetta veldur því að fyrirtækin eiga sífellt erfiðara með að láta enda ná saman, og ef þau hafa ekki einhverja aðra framleiðslu til að styðja við grein sem rekin er með tapi, verða þau að grípa til uppsagna. Að öðrum kosti fara fyrirtækin í þrot.

*Hækkun stýrivaxta Seðlabankans sem tekur gildi í vikunni, var meiri en margir spáðu, og viðbrögð markaðarins voru þau að krónan styrktist enn frekar. Þegar saman fer vaxtahækkun og styrking krónunnar er útlitið ekki bjart fyrir útflutningsatvinnuvegina. Fyrir sumar greinar þýðir þetta ekki annað en lokun fyrirtækja, og þá er það spurning hvort Seðlabankinn kaupir það ekki allt of dýru verði að halda verðbólgunni niðri.*

Guðmundur Kristjánsson, forstjóri Brims á Akureyri, eins stærsta útgerðarfyrirtækis landsins, segir í viðtali við Fréttablaðið á laugardag: „Hagstjórnin er eins arfavitlaus og hægt er að hugsa sér.“ Hann segir vandann heimatilbúinn, því ríkið eigi bæði Íbúðalánasjóð, sem dæli út peningum og Seðlabankann. Hann telur að stýrivaxtahækkun Seðlabankans sem tilkynnt var fyrir helgi, eigi enn eftir að styrkja gengi krónunnar. „Þetta leggur útflutningsgreinarnar í rúst. Afleiðingarnar koma bara ekki í ljós alveg strax, en þær verða mjög alvarlegar til lengri tíma lítið. Á næstu misserum dregst bara hægt og rólega saman útflutningur á Íslandi og verður mjög erfitt að ná honum upp aftur“ sagði Guðmundur ennfremur í viðtalinu við Fréttablaðið. Þarna talar einn reyndasti útgerðarmaður landsins, sem er með mjög umsvifamikinn rekstur. Hún er ekki falleg myndin sem hann dregur upp af framtíðarþróun aðal útflutningsgreinarinnar – sjávarútvegsins. Aðrir sem eiga mikið undir gengi krónunnar, taka undir með Guðmundi, eins og stór ferðaþjónustufyrirtæki. Ferðaþjónustan hefur verið talin vaxtarbroddurinn í íslensku atvinnulífi, og þeir sem búa á landsbyggðinni hafa horft mjög til hennar, ekki síst vegna síminnkandi umsvifa í landbúnaði. Það er ljóst að mörg ferðaþjónustufyrirtæki bera mjög skarðan hlut frá borði í sumar, og spurning um framtíð margra þeirra. Ferðaþjónustan þarf að gefa út verðskrár um þetta leyti fyrir næsta sumar, og telja margir líklegt að fyrirtæki neyðist til að gefa erlendum ferðaskrifstofum upp verð í íslenskum krónum til að koma í veg fyrir enn meira tap á næsta ári.

Hækkun stýrivaxta Seðlabankans sem tekur gildi í vikunni, var meiri en margir spáðu, og viðbrögð markaðarins voru þau að krónan styrktist enn frekar. Þegar saman fer vaxtahækkun og styrking krónunnar er útlitið ekki bjart fyrir útflutningsatvinnuvegina. Fyrir sumar greinar þýðir þetta ekki annað en lokun fyrirtækja, og þá er það spurning hvort Seðlabankinn kaupir það ekki allt of dýru verði að halda verðbólgunni niðri. ■

Porgeir Ástvaldsson | Kristófer Helgason | Ásgeir Páll Ágústsson

**989**  
**BYLGJAN**

Reykjavík síðdegis  
Alla virka daga kl. 16-18.30

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hver tekur við af Loga?

Mikil umræða hefur verið uppi undanfarið um hver muni taka við af Loga Bergmann Eiðssyni sem spyrill í spurningaþættinum vinsæla Gettu betur. Nú þegar Þórhallur Gunnarson hefur verið ráðinn yfir á RÚV í stað Loga þykir hann koma sterklega til greina en fleiri nöfn hafa einnig verið nefnd, þar á meðal Ómar Ragnarsson, Kristján Kristjánsson, Jóhanna Vilhjálmisdóttir, Sigmar Vilhjálmsson, Freyr Eyjólfsson, Gísli Einarsson og Margrét Marteinsdóttir.

### Fyrsta konan eða Gísli?

Þörf er á skeleggum stjórnanda sem jafnframt getur verið alúðlegur

enda fjöldi áhorfenda úti um land allt sem fylgist með keppninni. Ómar er vissulega skeleggur og skemmtilegur karakter en væntanlega er hann orðinn of gamall fyrir starfið. Líklegri kandidatar eru Freyr Eyjólfsson, sem hefur gert góða hluti á Rás 2 og hefur mikla útgeislun, Sigmar Vilhjálmsson sem er hress og ákóf týpa og hver veit nema annað hvort Jóhanna eða Margrét verði fyrir valinu, enda báðar mjög frambærilegar. Gísli Einarsson gæti þó hreppst starfið enda hafa þættir hans, Út og suður, notið mikilla vinsælda. Þar hefur hinn einlægi og hversdagslegi Gísli hitt í mark hjá áhorfendum.



### Össur sýnir spyrilstakta

Einn hefur þó ekki verið nefndur sem líklegur kandidat en það er þingmaðurinn Össur Skarphéðinsson. Össur brá sér á dögnum í hlutverk spyrils í viku- legri spurningakeppni skemmtistaðarins Grand Rokks fyrir troðfullu húsi. Á heimasíðu sinni birtir Össur lista yfir spurningarnar þrjátíu sem hann samdi fyrir keppnina og eru þær bæði fjölbreyttar og hæfilega snúnar. Ætli Össur eigi möguleika hjá RÚV? Varla, en spyrilshæfileikarnir eru honum þó greinilega í blóð bornir.



freyr@frettabladid.is

## Móðirin

Finnst engum nema mér það skýrtin kosningabaráttu hjá Gísla Marteini Baldurssyni að hafa risamyndir af sér út um alla Reykjavík þar sem hann er eins og stelpa?

Þær eru reyndar nokkuð sniðugar þessar pólitísku kynslamyndir, bæði sú af Gísla Marteini og eins hinar þar sem Ingibjörg Sólrún er eins og Þorgerður Katrín er eins og – tja – ungur Gunnar Eyjólfsson í gervi gullgrafara. Og þótt ég sé alltaf síðastur á mínu heimili að fatta auglýsingar þykist ég skilja að þessar myndir eigi að vekja okkur til umhugsunar um kynja myndir og pólitík, þótt mér sé að visu alveg hulið hvað ég eigi nákvæmlega að hugsa: Væri Ingibjörg Sólrún karlmaður þá – hvað? Eða er nokkuð verið að segja undir rós að úr því að þessir tveir landskunnu kvenskörungur hafa náð svo langt í pólitík sem raun ber vitni þá séu þær með karllega eiginleika? Sennilega hefur það ekki verið ætlunin. Sennilega er verið að segja okkur eitthvað allt annað. Kannski að kyn sé bara menningarlegt fyrirbrigði, háð ákvörðun og almennu samkomulagi um einkenni. Kannski að kyn sé bara ytra borð, bara gervi. Kannski að kyn sé ekki bara ytra borð. Kannski að kyn eigi ekki að skipta máli. Kannski að kyn eigi að skipta máli. Eitthvað með kyn. En af hverju er enginn úr Framsóknarflokknum? Hefði ekki verið gaman að sjá Árna Magnússon sem hofróðu í dragt – var hann ekki einmitt alltaf að reyna að svindla sér inn í kvenfélagið Freyju í Kópavogi?

Það er nú það. Þetta er eitthvað með kyn ÖN Gísla Marteinn er hins vegar – ólíkt þeim Ingibjörgu Sólrúnu og Þorgerði Katrínu – að

leggja í sína mikilvægustu kosningabaráttu. Hann er að bjóða sig sérstaklega fram til að verða borgarstjóraefni og um leið leiðtogi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík. Þegar þannig háttar tíðkast yfirleitt að hengja upp út um allt ábúðarmiklar myndir af frambjóðendum þar sem þeir eru

### Í DAG UM PÓLÍTIKAR KYNUSLAMYNDIR

GUÐMUNDUR  
ANDRI  
THORSSON



... Það getur naumast annað verið en að þetta sé kænleg stjórnvíska og niðurstaða þrotlausra fundahalda hjá herráði Gísla Marteins sem sagt er samanstanda af Hannesi Hólmsteini og öðrum innmúrurum ...

með staðfastan munnsvip og festulegt augnarád sem á að sannfæra okkur hjörðina um að þeir muni leiða okkur á grænar gresjur og að þeir aðhyllist hefðbundin fjölskyldugildi, séu traustir, ábyrgir, svolítið skemmtilegir kannski, og kannski hæfilega hugmyndarikir, en fyrst og fremst hefðbundnir. Karlmennt er á slíkum myndum í jakkafötum, dökkum litum og með bindi þótt þeir séu svo iðulega á blaðaljósmyndum á skyrtunni með upprettar ermar að iláta hendur standa

fram úr ermum eða lyfta börnum. Á strætóskýlunum og húsveggjunum eru þeir hins vegar borgaralega klæddir með harðan bindishnútt.

Ég hef aldrei áður séð slíkan frambjóðanda í draggi. Ég held að það hljóti eiginlega að vera einsdæmi í heiminum.

Þetta hlýtur að vera þaulhugsad. Það getur naumast annað verið en að þetta sé kænleg stjórnvíska og niðurstaða þrotlausra fundahalda hjá herráði Gísla Marteins sem sagt er samanstanda af Hannesi Hólmsteini og öðrum innmúrurum. Flestir töldu að línan yrði sú að Gísli Marteinn væri hinn nýi Davíð, lögð yrði áhersla á gamansemi hans, orðheppni og viðfældni, en um leið reynt að koma þeirri hugmynd inn hjá almenningi að hann byggi líka yfir framtakssemi Davíðs, myndugleik og óvægni gagnvart andstæðingum. Þetta virðist ekki ætla að verða línan.

Með því að birtast okkur sem ung kona kemur Gísli Marteinn þeirri hugmynd inn hjá okkur að hann sé hinn náttúrlegi og eðlilegi arftaki Ingibjargar Sólrúnar. Hann er með öðrum orðum ekki kynntur til sögunnar sem hinn nýi Davíð heldur hin nýja Solla. Okkur er gefið til kynna að hér sé ekki mættur enn einn lagastrákurinn úr ungliðadeild Sjálfstæðisflokksins sem muni tuddast áfram í flokknum á kostnað kvenna, hundsama um leikskólamála og strætisvagna og haldandi endalausar ræður um Línu-net og gatnamót. Nei, nei: Gísli Marteinn sé verðugur fulltrúi hinna mjúku gilda. Gísli Marteinn sé leiðtogi sem R-listinn þurfi svo sárlega á að halda – Gísli Marteinn sé Móðirin.

Það er nú það. Sjálfur verð ég nú eiginlega að játa að mér finnst Vilhjálmur Þ. vera móðurlegri ...

## MARKAÐURINN



Talstöðin  
FM 90,9

Hafliði Helgason ritstjóri Markaðarins fjallar um ýmsa þætti viðskiptalífsins. Alla virka daga kl. 17:30

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGAUFÉLAG: 365 – PRENTMIÖLAR RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTODARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Amdís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐIÐ: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – PRENTMIÖLAR PRENTVINNUSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Fréttablaðið er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

# Úrval **fiskrétta**



**30%**  
afsláttur

## **Steinbítur**

í hvítlauk og kryddjurtum

Sett í eldfast mót og eldað í ca 10-15 mín. við 200° hita.



**TILBOÐ**  
**999** kr/kg  
Verð áður 1.499,-

Úrval rétta í fisk- og kjötborði

Kjöt & fisktorgið



**Ýsa** í malasíukarri  
- fráber og ferskur réttur með kókosangan



**Ýsa** með aspasostafyllingu  
- gamalgróinn og sívinsæll réttur



**Ýsu** tortillur  
- gott að hafa ferskt salat og guacamole með



**Kjötfars**  
- beint úr kjötborði

**TILBOÐ**  
**349** kr/kg  
Verð áður 498,-

Gildir til 5. október eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**  
*Skemmtilegast að versla*

GORE VIDAL (1925-) fæddist þennan dag.



„Hver sá Bandaríkjaáður sem vill og er tilbúinn til að fara í forsetaframbod ætti sjálfkrafa að vera útilokaður frá því.“

- Gore Vidal er þekktur bandarískur rithöfundur sem skrifar um mál sem tengjast stjórnmálum, sögu og bókmenntum.

# tímamót

tímamot@frettabladid.is

## PETTA GERÐIST > 3. OKTÓBER 1944

### Uppreisnin í Varsjá brotin á bak aftur

Á þessum degi árið 1944 brutu Þjóðverjar á bak aftur uppreisn sem staðið hafði í tvo mánuði í pólsku borginni Varsjá. Pólska heimavarnarliðið og íbúar Varsjár risu upp gegn þýska hersetuliðinu þann 1. ágúst árið 1944 þar sem talið var að herafli Sovétmanna myndi koma til hjálpar og frelsa borgina. Heyrst hafði vopnagnýr rétt utan við pólsku höfuðborgina stuttu áður þegar Sovétmenn áttust við þýska herinn.

Andspyrnuhreyfingin notaði holræsakerfi borgarinnar til að ferðast milli borgarluta og til að koma skilaboðum milli manna. Ekkert bólaði á sovéska hernum og eftir 63 daga vonlausa baráttu gáfust heimamenn upp fyrir þýska hernum. Um fimmtán þúsund uppreisnarmenn létust og um fjórðungur allra íbúa borgarinnar var myrtur. Eftir uppgjöfina skipuðu Þjóðverjar öllum íbúunum að yfirgefa borgina.

Rauði herinn kom til Varsjár í janúar 1945. Ekki voru raunir Póllands þar með úti því Stalín hafði litið hug á að gera landið að lýðræðislegu ríki. Í mars árið 1945 höfðu Sovétríkin hernumið allt Pólland.



VARSJÁ

## MERKISATBURÐIR

- 1542 Gissur Einarsson er vígður Skálholtsbiskup, sá fyrsti í lútherskum sið.
- 1932 Írak hlýtur sjálfstæði frá Bretum.
- 1975 Gná, þyrta Landhelgisgæslunnar hrapar í Skálafelli en enginn slasast.
- 1981 Fangar í Maze-fangelsinu í Írlandi hætta hungurverkfalli eftir sjö mánuði og tíu dauðsföll.
- 1990 Austur- og Vestur-Þýskaland sameinast á ný.
- 1995 Tilkynnt er að O.J. Simpson hafi verið fundinn saklaus.
- 1996 Kvikmyndin Þar sem djöflaeyjan rís, eftir Friðrik Þór Friðriksson, er frumsýnd.

SIGMAR B. HAUSSON MATGÆÐINGUR OG SKOTVEIÐIMAÐUR ER 55 ÁRA

## Langar að ná í buffalóa

Sigmar B. Hauksson, matgæðingur og veiðimaður eyðir stærstum hluta 55 ára afmælisdags síns á ferðalagi. Hann er á leið heim frá Spáni þar sem hann flutti fyrirlestur um verkefnið Spa city á ráðstefnu um heilsutengda ferðaþjónustu. Sigmar er framkvæmdastjóri verkefnisins Spa city Reykjavík sem Reykjavíkurborg, Orkuveita Reykjavíkur og Íþróttá- og tómstundaráð standa fyrir. Verkefnið felst í því að kynna heilsulindirnar í Reykjavík, laugarnar og heita vatnið.

Sigmar man sérstaklega eftir einum afmælisdegi fyrir um 20 árum. „Þegar ég var fararstjóri í París og hópurinn sem ég var með var farinn heim fór ég einn á veitingahús við hliðina á járnbrautarstöð. Ég fór að tala við fjóra Frakka sem sátu nálægt mér. Þegar það fréttist að ég ætti afmæli slógu þeir upp veislu og það

var partí á veitingastaðnum með kampavíni fram á nótt,“ segir Sigmar sem fannst þetta allsérstök afmælisveisla þar sem hann þekkti ekki nokkurn mann.

Inntur um óskir er hann fljótur til svars. „Mig mundi langa í nýjan Pathfinderjeppa,“ segir Sigmar sem er veiðimaður mikill og nýtir allar lausar stundir til að stunda bæði skot- og stangveiði. Hann fer til að mynda á hverju ári til útlanda og fór nú í ár til Skotlands að veiða krónhirti. Hann á þó enn eftir að láta drauminn rætast og fara til Afríku. „Ég miða að því að ná í buffalóa,“ segir Sigmar sem engin dýr drepur nema þau sem hægt er að éta. „Það er prinsipp hjá mér.“

Sigmar er formaður Skotveiðifélags Íslands og er því alsæll með að rjúpnaveiðibanninu skuli vera aflétt enda hefur hann barist fyrir því frá því það var sett fyrir tveimur árum.



VEIÐIMAÐUR MIKILL Minnisstæðasta afmælisdaginn upplífið Sigmar fyrir 20 árum þegar fjórir Frakkar sem hann þekkti ekki neitt héldu honum veislu á veitingastað í París.

Þar sem allur frítími Sigmars fer í veiði er nærtækast að spyrja hvað konunni finnst um það. „Hún er að fara að fá sér byssuleyfi bráðum og er að fá meiri og meiri áhuga,“ segir Sigmar sem gaf henni byssu fyrir nokkru. Þetta er því orðið

nokkurt fjölskyldusport enda er yngsti sonur Sigmars kominn á kaf í þetta líka. „Þetta er í genunum, afi minn og pabbi voru miklir veiðimenn,“ segir Sigmar sem verður mikið á ferðinni á næstunni við að kynna heilsulindir borgarinnar. ■



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,

### Jóna Vilborg Pétursdóttir

Fannborg 1, Kópavogi, áður til heimilis á Siglufirði,

verður jarðsungen frá Grafarvogskirkju þriðjudaginn 4.10 kl. 13.00.

Jóhann Örn Matthíasson

Hulda Ágústsdóttir

Elisabet Kristjana Matthíasdóttir

Jón Einar Valgeirsson

Hjördis Sigurbjörg Matthíasdóttir

Einar Þór Sigurjónsson

Pétur Björgvin Matthíasson

Ólafía Einarsdóttir

Halldóra Sigurjóna Matthíasdóttir

Snævar Valentínus Vagnsson

Matthildur Guðmunda Matthíasdóttir

Gunnar Júlíus Jónsson

Stella María Matthíasdóttir

Ásgeir Þórðarson

Kristján Jóhann Matthíasson

Sigríður Halldóra

Braghildur Sif Matthíasdóttir

Ragnarsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Ásgrímur Ari Jósefsson

# MINNINGARSJÓÐUR MARGRÉTAR BJÖRGÓLFSDÓTTUR

AUGLÝSIR EFTIR UMSÓKNUM

SÍÐARI ÚTHLUTUN 2005

Markmið sjóðsins er að stuðla að heilbrigðu líferni og bættu mannlífi og efla menntir, menningu og íþróttir. Markmiðum sínum hyggst sjóðurinn ná með því að styrkja einstaklinga, verkefni og félög til mennta, framtaks, athafna og keppni - ekki síst á alþjóðlegum vettvangi.

Frekari upplýsingar og umsóknareyðublöð er að finna á vef sjóðsins

[www.minningmargretar.is](http://www.minningmargretar.is)

Umsóknir þurfa að berast í pósti fyrir 17. október 2005.

Er það síðasti skiladagur á þessu ári. Umsóknir skulu merktar:

Minningarsjóður Margrétar Björgólfsdóttur, pósthólf 4180, 124 Reykjavík

## ANGLÁT

**Friðrik Th. Ingþórsson**, Blásöllum 24, Kópavogi, lést á Landspítalanum við Hringbraut föstudaginn 16. september. Útförin hefur farið fram.

**Ingjaldur Kjartansson**, síðast til heimilis á Hringbraut 50, andaðist sunnudaginn 25. september. Útförin hefur farið fram í kyrrþey.

**Hjálmar Guðbjörnsson** bifreiðastjóri, Kleppsvegi 120, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut mánudaginn 26. september.

**Guðmundur Bjarnason** vélstjóri, Háaleitisbraut 79, Reykjavík, andaðist á gjörgæsludeild Landspítalans við Hringbraut miðvikudaginn 28. september.

**Ragnar Þorsteinsson**, Efstasundi 23, Reykjavík, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi fimmtudaginn 29. september.

**Reynir Ríkhartósson**, Fellsási 9a, Mosfellsbæ, lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn 30. september.



Þegar andlát ber að

Síðastliðin 15 ár höfum við feðgar aðstoðað við undirbúning útfara. Alhliða útfararþjónusta. Símar: 567 9110, 893 8638 og 897 3020

Útfararþjónustan ehf. Stofnað 1990

**LEGSTEINAR**  
S. HELGASON  
Skemmuvegi 48  
S: 557 6677  
[www.steinsmidjan.is](http://www.steinsmidjan.is)

## JARÐARFARIR

13.00 **Þuríður Margrét Georgsdóttir** verður jarðsungen frá Bústaðakirkju.

13.00 **Svavar Á. Sigurðsson**, Norðurási 4, Reykjavík, verður jarðsungen frá Árbæjarkirkju.

13.30 **Aðalbjörg Halldórsdóttir** frá Grenjadarstað, verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju.

## AFMÆLI



**Silja Aðalsteinsdóttir** bókmenntafræðingur er 62 ára.



**Tólli (Þorlákur Kristinnson)** listmálari er 52 ára.

**Róbert Snorrason** leikari er 35 ára.



## BRÚÐHJÓN

Þann 16. júlí síðastliðinn voru gefin saman af séra Bjarna Karlsyni brúðhjónin **Unnur Mjöll S. Leifsdóttir** og **Einar Þór Guðstafsson**.



Tilboðin gilda til 5. október

# BT • Þýsk gæði



Skjóstu í næstu BT búllu og smeltu þér á eintak

## MEDION Akoya EX GEARED TO GO



- Intel Centrino**  
Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira
- 14.1" TFT Há-skerpu breiðtjaldsskjár**  
Bjartur og skýr breiðtjaldsskjár sýnir þér alla myndina.
- 80GB harður diskur**  
Nauðsynlegt er að hafa mikið pláss til að geyma gögn í dag.
- DVD skrifari**  
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskur rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri
- Li-ion Rafhláða**  
Öflug rafhláða sameinuð með Centrino orkusparandi tækninni gefur þér lengri rafhláðuendingu.
- Kortalesari og Firewire**  
Les allar helstu gerðir minniskorta í dag án vandræða. Með firewire tengi tengirðu DV myndbandstökuvélina og klippir heimavideoin leikandi.

- Centrino™ tækni
- Intel® Pentium M 735A
- 14.1" TFT Há-Skerpu breiðtjaldsskjár
- 1280 x 768 pixla upplausn
- 512 MB DDR Minni
- 80 GB Harður diskur
- Dual Layer DVD±R/super drif
- kortalesari
- VGA tengi, DVI tengi, innfraruutt tengi
- IEEE 1394 (Firewire)
- Li-ion rafhláða
- Lítt og netfi
- Mál: 32.5 cm x 24.7 cm x 3.2 cm
- Þyngd: Áðeins 2.3 kg!

**3.517**

**3.517**  
Tölvukaupán 48 mán.

*Þú velur greiðsluform sem hentar þér!*

**9.999**  
Vaxtalaust 12 mán.

**119.988**  
Staðgreitt



\*Meðalmánaágreiddsla á 48 mánaða tölvukaupáni VISA. Umsóknin er afgreidd á staðmen á innan við mínútu.



\*\*Múgð við jafnar vaxtalaustar greiðslur á VISA eða MasterCard stúlaþríf. 0.5% stimpagjöld bærst við samningsskráðna og greiðst með löfnum greiðslum yfir samningstímann.

*lætt, nett og þráðlaus!*



### SIN CITY

...HREIN OG TÆR UPPLIFUN...  
GJÓRSAMLEGA GEBVEIK MYND!  
\*\*\*\*\* - RBP 2016

„SVALASTA MYND ÁRSINS OG BESTA MYND PESSA SUMARS“  
\*\*\*\*\* - P.P. FRÉTTALABÓ

„Í HEILDINA FRÁBÆR MYND“  
\*\*\*\*\* - T.V. SÍMAGJAFIR 10

**1.999** DVD

**1.999** DVD

**FYLGIR**

**2L Coke fylgir**

**Komin á DVD**

### Viltu heimabíó?

Sendu SMS skýtið BTL BSC á númerið 1900 og þú gætir unnið eintak.

**8. hver vinnur.**

**Aðalvinningur**  
er Sony heimabíó + Sin City á DVD  
Fullt af auka vinningum: Sin City á DVD  
Fullt af öðrum DVD myndum • Fullt af Coke

**SMS LEIÐUR**

Vinningar verða afhendir hjá BT Smáralind, Kópavogi. Með því að taka þátt ertu komin í SMS klubb. 199 kr/skýtið.

### Fifa 06

PlayStation 2

**4.499** PC-leikur

**4.989** PS2, Xbox og Gamecube

**VAR ÁG LENDA**

**FIFA 06**  
Nýjasti FIFA inniheldur mikið af nýjungum. Leikurinn inniheldur 21 deild og yfir 10.000 leikmenn. Hægt er að spila leikinn sem stjórnandi liðsins. Leikurinn inniheldur einnig gullin brot úr sögu fótboltans.

Væntanlegur á PSP

### 32" LCD sjónvarp

Mynd í mynd!

**WIDE SCREEN**

Klikkaðir kaupaukar

**HDTV READY**

**JDV**  
JDV 32" LCD flatsjónvarp

- Upplausn 1366 X 768
- Mynd í Mynd (PIP)
- Contrast 800:1 • Birta 550cd/m2
- HD samhæft - stýður 1080i/720p/576p/480p
- Textavarp - 120 síðna minni
- Magnari og hátalarar 2x 7W RMS SRS
- Tengir: 2 Scart / RGB / S-VHS / Component
- DVI / PC-inngangur / Tengir fyrir heyrnatöl
- Fjarstýring

**10.999**  
Á MÁNUÐI Í 12 MÁNUÐI VAXTALAUST

**131.988** STADGREITT

**Ódýrasta 32" LCD tæknið í Ísland**

**FYLGIR**

**DVD spilar i kaupbæti!**

Denver DVD/Divx spilar að verðmæti kr. 7.999 fylgir

**FYLGIR**

**Meiri myndgæði**  
Mikill birta og skerpa ásamt HDTV stuðningi gerir tæknið tilbúið fyrir framtíðina.



### Dómarar skröpuðu ekki

Knattspyrnudómarar skröpuðu ekki á Lokahófi KSÍ eins og sögusagnir voru um heldur héldu þeir saman upp á fertugs-afmæli félaga síns Gísla Hlyns Jóhannsson á sama tíma og knattspyrnuólíki gerði upp sumarið. Dómararnir skröpuðu því ekki á hófi útaf slæmum sætum árið áður heldur af því að afmælisveisla Gísla var á sama tíma og lokahófi KSÍ.

**sport**  
sport@frettabladid.is

## NJARÐVÍKINGAR GERA ÞAÐ GOTT: UNNU ÆFINGAMÓT Í KÖRFUBOLTA Í DANMÖRKU UM HELGINA

### Glæsileg troðsla tryggði Njarðvík sigur

Njarðvíkingar sigruðu á æfingamóti í Aarhus í Danmörku þegar liðið lagði heimamenn í Bakken Bears að velli í úrslitaleik með 69 stigum gegn 67. Heimamenn voru sjö stigum yfir þegar skammt var til leiksloka en Njarðvíkingum tókst að skora níu síðustu stigin í leiknum og unnu því með tveggja stiga mun.

Egill Jónasson tryggði Njarðvíkingum sigurinn sex sekúndum fyrir leikslok með glæsilegri troðslu. Þetta er annað árið í röð sem Njarðvík vinnur á æfingamóti sem Bakken Bears heldur á þessum árstíma. Einar Árni Jóhannsson, þjálfari Njarðvíkur, var að vonum ánægður með sína menn. „Þetta gekk ljóm-

andi vel. Það var mikil dramatík undir lok leiksins þar sem okkur tókst að skora níu stig í röð og tryggja okkur sigurinn. Egill skoraði sigurkórfauna með því troða boltanum ofan í kórfauna nokkrum sekúndum fyrir leikslok og það var einstaklega gaman að sigra með þeim hætti.“

Einar Árni sagði nokkra leikmenn danska liðsins hafa verið erfiða viðureignarvegna stærðarinnar.



„Það voru fimm leikmenn yfir 205 sentimetrar og það olli auðvitað töluverðum vandræðum. En það er lærdómsríkt að spila gegn svo hávöxnum mönnum þar sem það eru ekki svo margir mjög hávaxnir leikmenn hér á landi.“

Þór frá Akureyri tók einnig þátt í mótinu og endaði í sjötta sæti eftir að hafa tapað fyrir Svendborg í leik um fimmta sæti.

Einar Árni segir Njarðvíkinga ætla að koma grimma til leiks þegar Íslands-mótið hefst. „Þetta verður skemmtilegur vetur. Við erum að komast í gott form og verðum tilbúnir þegar mótið hefst. Eg á von á jafnri og skemmtilegri keppni í vetur.“

### > Við vorum ánægðir...

... með að sjá að Patrekur Jóhannsson er ekki dauður úr öllum æðum og ætlar sér greinilega að hjálpa Stjörnumönnum í að safna stigum í DHL-deildinni í vetur. Patrekur átti stóran þátt í góðum sigri Stjörnumanna í Digranesi í gær með góðum leik vörn sem og sókn á úrslitastundu hans þrátt fyrir að ganga greinilega ekki heill til skógar.



### > Við hrósum ...

... Njarðvíkingum fyrir að verja titil sinn á æfingamóti Bakken Bears í Danmörku og um leið hefna „aðeins“ fyrir ófárla íslenska A-landsliðsins gegn Dönnum í Evrópukeppinni á dögunum. Njarðvíkingar eru greinilega með hörkulíð í vetur.



## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Enska úrvalsdeildin:

MAN. CITY-EVERTON	2-0
1-0 Danny Mills (73.), 2-0 Darius Vassell (90.).	
WIGAN-BOLTON	2-1
1-0 Henri Camara (48.), 2-0 Lee McCulloch (63.), 2-1 Radhi Jaidi (68.).	
ASTON VILLA-MIDDLESBROUGH	2-3
0-1 Yakubu Aiyegbeni (33.), 1-1 Luke Moore (50.), 1-2 George Boateng (64.), 1-3 Yakubu Aiyegbeni, víti (88.), 2-3 Steven Davis (90.).	
ARSENAL-BIRMINGHAM	1-0
1-0 Robin Van Persie (81.).	
LIVERPOOL-CHELSEA	1-4
0-1 Frank Lampard, víti (27.), 1-1 Steven Gerrard (36.), 1-2 Damien Duff (43.), 1-3 Joe Cole (63.), 1-4 Geremi (82.).	

### STADAN:

CHELSEA	8	8	0	0	18-2	24
CHARLTON	7	5	0	2	12-7	15
TOTTENHAM	8	4	3	1	9-5	15
MAN UTD	7	4	2	1	10-5	14
BOLTON	8	4	2	2	9-6	14
MAN CITY	8	4	2	2	9-6	14
ARSENAL	7	4	1	2	10-4	13
WIGAN	7	4	1	2	7-5	13
WEST HAM	7	3	3	1	11-5	12
MIDDLESB.	8	3	2	3	9-11	11
BLACKBURN	8	3	2	3	7-9	11
NEWCASTLE	8	2	3	3	5-7	9
LIVERPOOL	6	1	4	1	4-6	7
PORTSM.	8	1	3	4	5-9	6
BIRMINGH.	8	1	3	4	7-12	6
A. VILLA	8	1	3	4	8-14	6
SUNDERL.	8	1	2	5	6-11	5
FULHAM	8	1	2	5	7-13	5
WBA	8	1	2	5	7-15	5
EVERTON	7	1	0	6	1-9	3

### MARKAHÆSTIR:

Darren Bent, Charlton	7
Ruud Van Nistelrooy, Man. Utd	7
Frank Lampard, Chelsea	5
Yakubu Aiyegbeni, Middlesbrough	4
Marlon Harewood, West Ham	4
Geoff Horsefield, WBA	4
Jermain Defoe, Tottenham	3
Thierry Henry, Arsenal	3
Brian McBride, Fulham	3
Morten Gamst Pedersen, Blackburn	3
Wayne Rooney, Manchester United	3
Danny Murphy, Charlton	3

Everton hefur tapað fimm leikjum í röð í ensku úrvalsdeildinni og hefur ennfremur ekki skoraði mark í 488 mínútur eða síðan 21. ágúst þegar Marcus Bent skoraði eina mark liðsins á tímabilinu í 1-0 útsigri á Bolton.

# Liverpool steinlá heima gegn Chelsea

Didier Drogha átti þátt í öllum fjórum mörkum Chelsea sem er enn með fullt hús eftir átta leiki og náði níu stiga forskoti á toppinn eftir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.

**FÓTBOLTI** Það fær fátt stöðvað Englandsmeistara Chelsea ef marka má frammistöðu liðsins í gær þegar liðið fór illa með Liverpool á Anfield. 1-4 urðu lokatölur og það eru svo sannarlega ekki úrslit sem fólk bjóst við. Miðað við leik liðanna í Meistaradeild Evrópu í síðustu viku þá mátti búast við rólegum leik. En sú varð ekki raunin og áður en yfir lauk höfðu fimm mörk litið dagsins ljós.

### Svöruðu gagnrýnisröddum

Chelsea voru gagnrýndir harðlega fyrir frammistöðu sína í leiknum í síðustu viku en þeir svöruðu gagnrýnisröddum með stórsigri á Anfield. Frank Lampard kom gestunum yfir úr vítaspyrnu eftir að Djimi Traore gerði sig sekan um slæm mistök og felldi Didier Drogha.

Það tók heimamenn ekki langan tíma að jafna og það gerði Steven Gerrard eftir hornspyrnu og áhorfendur tóku við sér. Drogha sýndi styrk sinn þegar hann lék á Hyypia og lagði boltann á Damien Duff sem kom Chelsea í forystu áður en flautað var til hálfleiks. Þrjú mörk í fyrri hálfleik var eitt-hvað sem engan óraði fyrir.

Sony og Nike hafa tekið höndum saman og framleitt fyrsta heilsuleikinn fyrir Playstation 2. Sony kom með tækniþekkinguna sína

að borðinu og Nike mætti með sérfræðikunnáttu sína á sviði heilsuræktar og úr varð mjög metnaðarfullur leikur sem heitir EyeToy Kinetic.

Í leiknum er fjöldinn allur af heilsuæfingum sem þjálfar allan líkamann og er hann tilvalinn fyrir þá sem af einhverjum ástæðum vilja ekki þjálfar líkamann í heilsuræktarstöðvum eða hreinlega vilja spara sér peninga en komast samt í form.

Til þess að þjálfar heima í stofu þarf eitt stykki Playstation 2 tölvu ásamt EyeToy-myndavél, Kinetic-forritið, gott gólfpláss og æfingagalla. Nike Motionworks lagði til aðstöðu sína, en vanalega er stúdíóið notað til að skoða íþróttamenn og hreyfingar þeirra til að stemma stigu við algengum íþróttameiðslum. Motionworks er eitt fullkornasta stúdíóið í þessum geira og lagði teymið sitt af mörkum til að nýta tæknina í þágu EyeToy Kinetic. Árangurinn sést vel í leiknum því allar hreyfingar hjá þjálfurum eru sérstaklega vel gerðar og gefur titlinum það raunveruleikagildi sem Sony sóttist eftir.

### Hvað er verið að þjálfar

Þær eru fjórar aðaláherslurnar sem Kinetic byggir á og er hægt að þjálfar allan líkamann.

**Cardio zone:** Eróbikk og dans

**Combat zone:** Hreyfingar og æfingar sem byggjast á bardaga-íþróttum

**Toning zone:** Teygjuæfingar sem styrkja vöðva líkamans

**Mind and body zone:** Öndunaræfingar og slökunaræfingar

Í hverju æfingasvæði eru margar æfingar sem eru hannaðar til að byggja upp líkamann. Einnig er boðið upp á upphitun sem er góður kostur til að forðast algeng íþróttameiðsl eins og tognun.

### Sérnsniðið æfingaprogramm

Kinetic býður upp á sérnsniðið æfingaprogramm með einkaþjálfurum leiksins, Matt og Önnu. Programmið nær yfir 12 vikur og er árangurinn mældur og þjálfararnir leiðbeina í öllum liðum

programmsins. Það er eins gott að fylgja programminu eftir því þjálfararnir láta þig vita ef þú sinnir ekki æfingunum og ferð eftir programminu. Æfingaprogrammið nýtir klukkuna í Playstation 2 vélinni til að keyra æfingadagskrána áfram og ef ekki er mætt í æfingar riðlar það programminu og þjálfararnir verða fúlur.

### Engin pressa

Það er að sjálfsögðu nokkuð slæmt að vera ekki með raunverulegan þjálfara úr holdi og blóði sem segir þátttakendum til en markmiðið með leiknum er ekki að þrýsta á þátttakendur að púla og svitna. Með Kinetic er hægt að hoppa beint inn í stakar æfingar og þær eru margar hverjar mjög skemmtilegar. Það þarf óneitanlega aga til að fara í gegnum tólf vikna programm en kosturinn er sá að hægt er að gera æfingarnar heima algjörlega á eigin forsendum án þess að þurfa æfa innan um fullar líkamsræktarstöðvar á háannatímum. Kinetic býður einnig upp á sérnsniðna tónlist fyrir æfingarnar hvort sem það er slakandi tónlist fyrir Tai Chi eða



pumpandi danstónlist fyrir eróbikk og hægt er að velja milli mismunandi laga.

### Allir geta æft

Þar sem EyeToy er orðið eitt vinsælasta fjölskyldutækni á Íslandi fyrir Playstation 2 má fastlega búast við því að allir meðlimir í fjölskyldunni geti bætt heilsuna heimafyrir. Framsetningin á Kinetic er mjög aðgengileg þannig að unga kynslóðin getur allveg eins verið með eins og fulloröna fólkið. Satt að segja er ekki svo vitlaust að foreldrar leyfi börnunum sínum að leika sér í tölvuleikjum gegn því að þau spili Kinetic í klukkutíma á hverjum degi til að fá gagnlega hreyfingu. Það er eitthvað sem gæti spornað við óheilsusamlegu líferni og bætt líkamsgetu á fjörugan máta.

Franz Gunnarsson



VEGGFÓÐUR  
MÁNUDAGA KL 21.00



FASHION TV  
MÁNUDAGA KL 20.30



WEEDS  
FIMMTUDAGA KL 21.30

**SIRKUS NÝ DAGSKRÁ Í OKTÓBER!**

FYLGSTU MEÐ.

SIRKUS



THE CUT  
MÁNUDAGA KL 22.00



ÁSTARFLEYIÐ  
BYRJAR FIMMTUDAGINN 20. OKTÓBER

HÁDEGISBÍÓ 400 ár. MÍDAVERD Á ALLAR MYNDIR KL. 12 UM HELGINA Í SAMBÍÖNUM KRINGLUNNI STÓRSTA KVÍKMYNDAHÁTÍÐIN • HAGATORGI • S. 538 1919 • www.haskolabio.is

ÁLFABAKKI	KEFLAVÍK	KRINGLAN
GOAL KL. 5.30-8-10.30	GOAL KL. 8	GOAL KL. 5.30-8-10.30
GOAL VIP KL. 5.30-8-10.30	THE CAVE KL. 8	THE CAVE KL. 10.30 B.I. 16
MUST LOVE DOGS KL. 3.45-6-8.15-10.30		VALIANT ísl. tal KL. 6
THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 5.30-8-10.30 B.I. 14		VALIANT enskt tal KL. 8
VALIANT ísl. tal KL. 3.40		CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 8
SKY HIGH KL. 3.45-6		STRÁKARNIR OKKAR KL. 10 B.I. 14
CHARLIE & THE CHOCOLATE FACTORY KL. 3.45-6-8.15-10.30		
STRÁKARNIR OKKAR KL. 8-10.30 B.I. 14		
RACING STRIPES ísl. tal KL. 3.30		

AKUREYRI: GOAL KL. 6-8-10.15, VALIANT ísl. tal KL. 6, THE 40 YEAR OLD VIRGIN KL. 8-10.15

REYKJAVÍK INTERNATIONAL FILM FESTIVAL: WHERE IS THE FRIEND'S HOME? KL. 5.45, AND LIFE GOES ON KL. 8, TEN + THE ROADS KL. 10, KING'S GAME KL. 8

ALFABAKKI (387 8900) KRINGLAN (588 0800) AKUREYRI (461 4444) KEFLAVÍK (421 1170)

## FRÉTTIR AF FÓLKI

**Alex Kapranos**, söngvari Franz Ferdinand, segir leikarann **Robert De Niro** vera hans aðal tiskufyrirmynd. Skoski söngvarinn segist elska stíl De Niro og segir leikarann geisla af kynþokka og töfarskap. „Ég hef alltaf dýrkað þetta fina en um leið harða lúkk. Svona lúkk eins og Robert De Niro nær. Mér finnst það virka miklu hættulegra heldur en **Marlon Brando** – leðurjakkatýpan,“ segir söngvarinn.

**Breska leikkonan Rosamund Pike** hefur viðurkennt að henni finnst leikarinn **Donald Sutherland** einstaklega kynþokkafullur en hún lék nýlega á móti honum í myndinni *Pride and Prejudice*. „Hann var frá-bær. Hann er mjög innilegur maður, afar persónulegur og tilbúinn til að tala um kynlíf, ástina, lífið og hraða bíla. Hann er afar kynþokkafullur í eigin persónu,“ sagði Pike.



**Mike Myers** mun leika Keith Moon heitinn sem trommaði með hljómsveitinni *The Who*. Roger Daltrey sem var með Moon í hljómsveitinni framleiðir myndina og hefur leitað mikið að hinum fullkomna manni í hlutverkið og telur sig hafa fundið hann í Myers. Leikarinn sjálfur vildi einnig ólmur taka að sér hlutverkið. Moon dó aðeins 32 ára gamall eftir að hann tók of stóran skammt af eiturlýfjum árið 1978.

**Mick Jagger** segist aldrei hafa notað Viagra og segir frammi-stöðu sína í rúminu ekkert hafa breyst í gegnum árin. Jagger segist ekki hafa neina þörf fyrir hjálp þegar kemur að framkvæmdum þar. „Það er aðeins hægt að komast vissu langt með konum með sjarma og húmor. Svo þarftu að standa þig vel í öðrum málum líka. Ég hef aldrei notað Viagra. Ég þarf það ekki,“ sagði hann stoltur.



Pete Doherty, lengst til hægri, og félagar í Babyshambles munu ekki spila á Ísland Airwaves í október eins og fyrirhugað var.

## Tónleikum Babyshambles aflýst

Pete Doherty, söngvari hljómsveitarinnar *Babyshambles* og fyrrverandi söngvari *The Libertines*, hefur verið handtekinn fyrir að hafa fíkniefni í fórum sér. Atvikið átti sér stað eftir tónleika sem sveitin hélt í Shrewsbury á Englandi á laugardagskvöld. Vegna handtökunnar hefur Hr. Örlygur, framkvæmdaáðili tónlistarhátíðarinnar Ísland Airwaves ákveðið að aflýsa tónleikum *Babyshambles* sem voru fyrirhugaðir í lok þessa mánaðar. Í tilkynningu frá Hr. Örlygi segir að það hafi legið fyrir í nokkurn tíma að Pete Doherty eigi við alvarlegan vímuefnavanda að stríða. Vandamál Dohertys hafi hinsvegar náð nýjum hæðum undanfarna daga og því fannst Hr. Örlygi ekki réttlætlanlegt að standa að komu *Babyshambles* til Íslands, þótt sveitin hafi fengið fráþæra dóma í Bretlandi fyrir tónleika sína. Þorsteinn Stephensen, framkvæmdastjóri Hr. Örlygs, segir að ákvörðunin um að hætta við tón-

leikana hafi ekki verið erfið úr því sem komið var. „Málið var orðið þannig að það var engin leið út úr þessu. Við bókuðum þá snemma í vor og þá leit út fyrir að þeir væru á leiðinni á rétta braut. Við áttum góð samskipti við þá í sumar og fórum á nokkra tónleika með þeim. En þeir voru bara komnir upp að vegg og við getum ekki unnið með svona fólki,“ segir Þorsteinn. Hann segir það eiga eftir að koma í ljós hvort önnur hljómsveit verði fengin á hátíðina í staðinn fyrir *Babyshambles*. „Það eru þrjátíu erlendar hljómsveitir og tónlistarmenn á hátíðinni þannig að þetta mun ekki hafa stór áhrif á heildarútkomuna en óneitanlega losnar þarna um pláss. Við erum í sambandi við aðila úti og sjáum bara til úr hverju við höfum að mæta. Það er að minnsta kosti enginn skortur á góðum tónlistarmönnum sem vilja koma til Íslands. Það er bara spurning hvort það sé laus tími í dagskránni þeirra.“ ■

## Gondry leikstýrir

Næsti smádiskur *White Stripes* verður með laginu *The Denial Twist* og mun leikstjórinn Michael Gondry leikstýra myndbandinu. Gondry leikstýrði einnig myndbandinu *The Hardest Button to Button* með Jack og Meg. „Þetta verður rosalegt myndband held ég,“ sagði Gondry í viðtali nýlega. „Það verður byggt á degi úr lífi þeirra Jacks og Meg. Við munum endurvekja daginn þegar þau fóru í viðtal til Conan O'Brian á afar furðulegan hátt. Við sjáum þau að tala við Conan, svo spila þau lag og keyra svo heim og í kringum þau er fullt af risum. Þau fara heim og horfa á sig í sjónvarpinu



**WHITE STRIPES** Næsti smádiskur hljómsveitarinnar kemur út bráðlega og mun hinn virti Michael Gondry leikstýra myndbandinu við lagið.

en allan tímann munu þau verða mjög afmynduð og teygð,“ sagði Gondry. ■

## Týndu börnin frá Úganda

Í yfir 19 ár hefur borgarastyrjöld geislað í Úganda fyrir augum heimansins án þess að hann hafi látið sig það varða. Skæruliðar Frelsishers drottins hafa rænt börnum í þeim tilgangi að nota þau sem hermenn og þvinga til að drepa eigin skyldmenn. Á Alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í kvöld klukkan sex verður heimildarkvikmyndin *Lost Children* sýnd í Regnbogunum en hún er um fjögur börn sem náðu að sleppa úr klóm Frelsishersins. Þau snúa aftur

heim en þar er tekið á móti þeim sem morðingjum. Ali Samadi Ahadi, annar leikstjóri myndarinnar, mun svara spurningum eftir sýningu en Stefán Ingi Stefánsson, framkvæmdastjóri UNICEF á Íslandi, stjórnar umræðunum. Talið er að yfir 12 þúsund börnum hafi verið rænt í stríðinu og þau notuð í stríðsrekstrinum, bæði sem drápstól og til kynlífsþrælkunar. Frelsisherinn telur að börn eigi að byrja að taka þátt í stríði við sjö ára aldur. ■



**BORGARASTYRJÖLDIN** Börnum hefur verið rænt frá heimilum sínum í borgarastyrjöldinni í Úganda og þau notuð sem kynlífsþrælur eða drápstól.

**ALÞJÓÐLEG KVÍKMYNDAHÁTÍÐ Í REYKJAVÍK**

29. SEPTEMBER TIL 9. OKTOBER

**Regnboginn kl. 18:00**  
Mánudaginn 3. október

**Týnd börn og hákarlar í höfðinu**

Í kvöld verða bæði Týndu börnin og Hákarl í höfðinu frumsýndar að viðstöddum leikstjórnum Ali Samadi Ahadi og Maríu Prochaskova. Týndu börnin er þýsk heimildarmynd um barnunga hermenn í Kambódíu. Hákarl í höfðinu er tékknesk mynd sem nýtir sér stafræna tækni til hins ítrasta til þess að skilja ofskynjanir aðalsöguhetjunnar.

Regnboginn  
18:00 Týndu börnin  
18:00 Eins konar hamingja  
20:00 Hákarl í höfðinu  
22:00 Rekkjusögur

Háskólabíó  
17:45 Hvar er heimili vinarins? (Kiarostami)  
20:00 Áfram veginn (Kiarostami)  
20:00 Kóngakapall  
22:15 Tíu/Vegirnir (Kiarostami)

Tjarnarbíó  
17:00 Ein nótt  
19:00 Heimavinna (Kiarostami)  
21:00 Keimur af kirsuberjum (Kiarostami)

www.filmfest.is

Landsbankinn

RAUGUR GROUP

NTV BERNADUR I. STAMBOVIĆ

## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

„It's like Vegas. You're up, you're down, but in the end the house always wins. Doesn't mean you didn't have fun.“

Svar:  
Djónillinn í kvikmyndinni Deconstruct-  
ing Harry árið 1997.

# dagskrá



**VIÐ TÆKIÐ Þórdís Lilja Gunnarsdóttir varð hugsi yfir Idol-stjöruleit**

## Vonarstjörnuhrap af manna völdum

Sumir fóru að gráta. Fleiri héldu andlitinu, þótt ekki leyndust vonbrigðin. Einhverjir roðnuðu yfir niðurlægningunni, meðan aðrir gerðu grín að öllu saman og spiluðu hugdjarfir með úrskurði dómanna. Engum duldist þó að bak við grímurnar áttu allir sem einn sína massívu drauma um frægð og frama í poppheimum.

Dómarateymið sýndi af sér meiri hörku og óvægni en í fyrri þáttaröðum; nú fjórir í stað þriggja. Páll Óskar var einlægur og sýndi mannkærleik og milda kurteisi í neitun sinni og Einar Bárðarson kom út sem tilgerðarlaus, blátt áfram gagnrýnandi; yfirmaður dómnefndar með tvöfaldan atkvæðisrétt.


Ég hef verið hugsi yfir því hvers vegna Einar, sem er umboðsmaður Íslands, var valinn í dómarasætið. Söluvon og tómarúm á íslenskum tónlistar-

markaði hljóta að lita val hans að einhverju leyti. Hans atkvæði gætu vel fallið eftir því hvort hann teldi karl- eða kvensöngvara vanta í poppfórurina, og hvort á smáskífulistana vanti rokk-, popp- eða ballöðusöngvara. Vald hans er í það minnsta mikið yfir þessum keppendum, þótt hann hafi komið á óvart sem hispurslaus og skemmtilegur í dómarasætinu.

Í hinum dómarasætinum eru þrír úr flokki frægustu og mest seldu listamönnum þjóðarinnar. Vissulega ætti það góða fólk að vita hvað virkar og virkar ekki, en maður setur spurningamerki við val þeirra á nýjum vonarstjörnum. Gæti hugsanlega litað neikvæð atkvæði þeirra að á meðal keppenda væru einstaklingar sem hæglega gætu verið arftakar þeirra; fólk sem selur meira og stefnir ferli þeirra og lífíbrauði í hættu?



Ég held við verðum að horfa á sjónvarp með gagnrýnni hugsun, á meðan við njótum þess og skemmtum okkur. Idol-stjöruleit er ágætis afþreying, en fyrst og fremst stökkpallur fyrir hugrökk ungmenni í landi tækifæranna þar sem allt getur gerst.




▶ 20.10  
FRÆÐSLA

THE BATTLE FOR ISLAM



▶ 20.30  
NÝTT

WIFE SWAP




▶ 20.30  
NÝTT

FASHION TELEVISION



▶ 22.00  
SPENNA

C.S.I.



▶ 21.00  
FÓTBOLTI

ENSKU MÖRKIN

### sjónvarpið



6.58 Ísland í bitíð 9.00 Bold and the Beautiful 9.20 Í finu formi 2005 9.35 Oprah Winfrey 10.20 Ísland í bitíð

15.55 Helgarsportið 16.10 Ensku mörkin 17.05 Leiðarljós 17.50 Táknmálsfréttir 18.00 Myndasafnið 18.01 Gurra grís (21:26) 18.06 Kóalabráður (35:52) 18.17 Pósturinn Páll (5:13)

18.30 Ástfangnar stelpur (10:13)

19.00 Fréttir, íþróttir og veður

19.35 Kastljósið

▶ 20.10 **Ásýnd íslams breytist** (The Battle for Islam) Bresk heimildamynd þar sem farið er um lönd íslams og rætt við hófsama jafnt sem róttæka stjórnmálamenn, klerka og fræðimenn um breytingar sem eru að verða á samfélögum múslima samfara nýjum tülkum á hinni helgu bók þeirra, Kór-aninum.

21.15 Lögreglustjórinn (The District III)

22.00 Tíufréttir

22.20 **Karníval (1:12)** (Carnivale II) Bandarískur myndaflokkur. Ben Hawkins á enn í baráttu við bróður Justin.

23.15 Spaugstofan 23.40 Ensku mörkin 0.35 Kastljósið 1.00 Dagskrárlök

12.20 Neighbours 12.45 Í finu formi 2005 13.00 Perfect Strangers (137:150) 13.25 Gentlemen's Relish 15.10 MacIntyre's Millions (3:3) 16.00 Barnatími Stöðvar 2 17.53 Neighbours 18.18 Ísland í dag

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 Ísland í dag

19.35 The Simpsons 9

20.00 **Strákarnir Sveppi**, Auddi og Pétur halda uppteknum hætti og sprella sem aldrei fyrr.

▶ 20.30 **Wife Swap (1:12)** (Vistaskipti) Ertu orðin leið á karlinum og jafnvel krökkunum líka? Heldurðu að konan í næsta húsi hafi það miklu betra en þú? Í þessum ótrúlega myndaflokki er fylgst með konum sem stíga skrefið til fulls og skiptast á eiginmönnum og börnum í tiltekinn tíma.

21.15 **Jamie Oliver (Oliver's Twist) (25:26)**

21.40 **Grey's Anatomy (4:9)** (Læknalíf)

22.25 **Most Haunted (4:20)** (Reimleikar)

23.10 Silent Witness (3:8) (B.börnum) 0.00 Eyes (12:12) 0.40 The Pledge (Str. b. börnum) 2.40 Kóngur um stund (8:16) 3.10 Fréttir og Ísland í dag 4.30 Ísland í bitíð 6.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

### SIRKUS

18.30 Fréttir Stöðvar 2

19.00 The Cut (5:13)

20.00 Friends 3 (19:25)

▶ 20.30 **Fashion Television (1:14)** Í þessum frægu þáttum færðu að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag. Á síðustu 20 árum hefur enginn þáttur kynnt nýjustu tiskuna jafnglæsilega og Fashion Television hefur gert. Hvort sem það eru nýjustu fötin, þotu-líðið í salnum eða lætin á bakvið tjöldin, þá sérd þú það fyrst hér í Fashion Television og það á fremsta bekk.

21.00 **Veggfóður** Hönnunar og lífstílsþáttur.

22.00 **The Cut (6:13)**

22.45 **Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur.

23.15 David Letterman 0.00 Friends 3 (19:25) 0.25 Kvöldþátturinn

### SKJÁREINN

17.55 Cheers 18.20 Poppunktur (e)

19.20 **Þak yfir höfuðið (e)** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.

19.30 **Dirty Sanchez (e)**

20.00 **The O.C.** Það kemur í ljós að Caleb gæti verið á leiðinni í fangelsi, Sandy samfærir hann um að koma hreint fram og segja sannleikann um tengsl sín við Renee.

21.00 **Survivor Guatemala** Í ár fer keppnin fram í Guatemala og búast má við hörkuslag.

▶ 22.00 **C.S.I.** Bandarískir þættir um störf rannsóknardeildar Las Vegas. Warrick rannsakar morð þar sem lítur út fyrir að morðinginn hafi verið í hjólastól.

22.50 **Jay Leno**

23.35 C.S.I.: New York (e) 0.25 Cheers (e) 0.50 Þak yfir höfuðið (e) 1.00 Óstöðvandi tónlist

### 2 BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

6.00 Jimmy Neutron 8.00 Just Married 10.00 Wit 12.00 Secondhand Lions 14.00 Jimmy Neutron 16.00 Just Married 18.00 Wit

20.00 **Secondhand Lions** (Notuð ljón) Hugljúf kvikmynd um ungan pilt sem er sendur til dvalar hjá frændum sínum í Texas.

22.00 **Justice** Dramatísk sjónvarpsmynd. Stranglega bönnuð börnum.

0.00 Edges of the Lord (Stranglega bönnuð börnum) 2.00 Justice (Stranglega bönnuð börnum) 4.00 Ambushed (Stranglega bönnuð börnum)

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

### E! ENTERTAINMENT

12.00 E! News Weekend 13.00 The E! True Hollywood Story 14.00 101 Most Starficious Makeovers 15.00 E! Entertainment Specials 16.00 Style Star 16.30 Style Star 17.00 E! Hollywood Hold 'Em 18.00 E! News Weekend 19.00 The E! True Hollywood Story 21.00 Kill Reality 22.00 Wild On 23.00 E! News 23.30 Party @ the Palms 0.00 Kill Reality 1.00 The E! True Hollywood Story

### AKSJÓN

Fréttátturinn Korter er sýndur kl.18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15

### ENSKI BOLTINN

14.00 Blackburn – WBA frá 01.10 16.00 Man. City – Everton frá 02.10 18.00 Prumuskot

19.00 **Aston Villa – Middlesbrough** Leikur sem fram fór í gær.

21.00 **Að leikslokum**

22.00 **Liverpool – Chelsea** frá 02.10 Leikur sem fram fór í gær.

23.00 Prumuskot (e) 0.00 Sunderland – West Ham frá 01.10 2.00 Dagskrárlök

# Höfum aukið úrvalið af ringo innihurðum



Þjóðum yfir 60 tegundir af Ringo innihurðum.

Ljúktu upp og þér opnast nýr heimur...

## Egill Arnason hf

Ármúli 8 - 108 Reykjavík

595 0500 - [www.egillarnason.is](http://www.egillarnason.is)

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Fylgst með tískunni af fremsta bekk

Fashion Television Sirkus kl. 20.30

### Áhorfendur eru kynntir fyrir því nýjasta í tískunni

Í þessum frægu þáttum fá áhorfendur að sjá allt það heitasta og nýjasta í tískuheiminum í dag. Á síðustu 20 árum hefur enginn annar þáttur kynnt nýjstu tískuna jafn glæsilega og Fashion Television hefur gert. Hvort sem það eru nýjstu fötin, þotuliðið í salnum eða lætin bakvið tjöldin, þá séró þú það fyrst í þessum rötgróna þætti og það á fremsta bekk.



### TALSTÖÐIN FM 90,9

7.00 Fréttir 7.03 Morgunútvarpið 9.03 Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur. 10.03 Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni. 12.15 Hádegisútvarpið  
14.03 Messufall e. 15.03 Allt og sumt 17.59 Á kassanum. Illugi Jökulsson. 18.30 Fréttir Stöðvar 2 19.00 Ísland í dag 19.30 Úrval úr Morgunútvarpi e. 20.00 Margrætt e.  
21.00 Morgunstund e. 23.00 Á kassanum e. 23.30 Hádegisútvarpið e. 0.00 Hrafnþing Ingva Hrafn e. 1.00 Messufall e. 2.00 Úrval úr Allt & sumt 3.00 Margrætt með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur e.

### BYLGJAN FM 98,9

5.00 Reykjavík Síðdegis. 7.00 Ísland í Bítíð 9.00 Ívar Guðmundsson  
12.00 Hádegisfréttir 12.20 Óskalahádeggi Bylgjunnar 13.00 Bjarni Arason 16.00 Reykjavík Síðdegis  
18.30 Kvöldfréttir og Ísland í Dag. 19.30 Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

### RÁS 1 FM 92,4/93,5

7.30 Morgunvaktin 8.30 Árla dags 9.05 Laufskálinn 9.40 Í deigluinni 9.50 Morgunleikfimi 10.13 Stefnumót 11.03 Samfélagið í nærmynd 12.00 Fréttayfirlit 12.03 Hádegisútvarp 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Veðurfreginir 12.57 Dánarfreginir og auglýsingar 13.00 Uppskerutíminn 14.00 Fréttir 14.03 Útvarpsagan: Eg er ekki hræddur 14.30 Hálf tíminn 15.03 Fastir punktar 16.13 Hlaupanótan 17.03 Viðsjá 18.00 Kvöldfréttir 18.24 Auglýsingar 18.25 Spegillinn 18.50 Dánarfreginir og auglýsingar 19.00 Vítinn 19.30 Laufskálinn 20.05 Alþjóðlega ljóðahátíðin Nýhil 22.15 Alþjóðlega ljóðahátíðin Nýhil heldur áfram

### ÚTVARP SAGA FM 99,4

8.00 Arnþrúður Karlsdóttir 10.00 Rósa Ingólfsdóttir 11.00 Bláhornið 12.25 Meinhornið 14.00 Kjartan Gunnar Kjartansson 15.00 Hildur Helga 17.00 Gústaf Nielsson 18.00 Meinhornið 19.00 Bláhornið 20.00 Arnþrúður Karlsdóttir 22.00 Rósa Ingólfsdóttir 23.00 Kjartan G. Kjartansson 0.00 Hildur Helga 2.00 Gústaf Nielsson 3.00 Rósa Ingólfsdóttir 4.00 Kjartan G. Kjartansson 5.00 Arnþrúður Karlsdóttir

### RÁS 2 FM 90,1/99,9

0.10 Næturvörðurinn 1.10 Næturvörðurinn heldur áfram 2.03 Næturtonar 4.30 Veðurfreginir 4.40 Næturtonar 5.05 Næturtonar 6.00 Fréttir 6.05 Morguntónar 7.05 Morguntónar 8.05 Morguntónar 9.03 Helgarútgáfan 10.05 Helgarútgáfan 12.20 Hádegisfréttir 12.45 Helgarútgáfan 16.08 Rokkladd 18.00 Kvöldfréttir  
18.25 Auglýsingar 18.28 Tónlist að hætti hússins 19.00 Sjónvarpsfréttir og Kastljósið 20.00 Popp og ról 22.10 Popp og ról

### AÐRAR STÖÐVAR

FM 95,7 Effemm / Zúber tónlistarstöðin  
FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp  
FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni  
FM 96,7 Létt / Tónlist og afþreying  
FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni  
FM 89,5 Kiss / Nýja bítíð í bænum  
FM 88,5 XA-Rádió / 12 spora efni  
FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying  
FM 104,5 Rádió Reykjavík / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

- SKY NEWS**  
Fréttir allan sólarhringinn.
- CNN INTERNATIONAL**  
Fréttir allan sólarhringinn.
- FOX NEWS**  
Fréttir allan sólarhringinn.
- EUROSPORT**  
12.00 Canoeing: Slalom World Championships Australia 14.00 Football: Foot World Cup Season 15.30 Football: Eurogoals 16.30 Football: FIFA Under-17 World Championship Peru 17.30 All sports: WATTS 18.00 Freestyle Motocross: US Tour Greenville United States 18.30 Fight Sport: Fight Club 20.30 Football: Eurogoals 21.30 All sports: WATTS 22.00 News: Eurosport-news Report 22.15 Freestyle Motocross: US Tour Greenville United States 22.45 Motorsports: Motorsports Weekend
- BBC PRIME**  
12.00 Ballykissangel 13.00 Teletubbies Everywhere 13.10 Little Robots 13.20 Andy Pandý 13.25 William's Wish Wellingtons 13.30 Boogie Beebies 13.45 Fimbles 14.05 Tikkiabilla 14.35 Cavigirl 15.00 Location, Location, Location 15.30 Ready Steady Cook 16.15 The Weakest Link 17.00 Doctors 17.30 EastEnders 18.00 Holly City 19.00 State of Play 19.50 Red Cap 21.00 French and Saunders Go to the Movies 21.30 Manchild 22.00 Down to Earth 23.00 Teen Species 0.00 Resurrecting the Dead Sea Scrolls 1.00 Wallace in Wales 1.30 The Argument From Design
- NATIONAL GEOGRAPHIC**  
12.00 Gerbil Plague 13.00 When Expeditions Go Wrong: Iditarod 14.00 Shipwreck Detectives: Pacific Graveyard 15.00 The Sea Hunters: Juno Beach D-day Underwater 16.00 Seconds from Disaster: Crash of the Concorde 17.00 Paranormal?: Ghosts 18.00 Tigers: Fighting Back "living Wild" 19.00 When Expeditions Go Wrong: Iditarod 20.00 Victory in the Pacific: Death Before Surrender 21.00 Victory in the Pacific: Invading Japan 22.00 The Mafia 23.00 Victory in the Pacific: Death Before Surrender 0.00 Victory in the Pacific: Invading Japan
- DISCOVERY**  
12.00 Rex Hunt Fishing Adventures 12.30 Reel Wars 13.00 Extreme Engineering 14.00 Extreme Machines 15.00 Junkyard Mega-Wars 16.00 Rides 17.00 American Chopper 18.00 Mythbusters 19.00 Transplanting Memories 20.00 Trauma 21.00 Body Works 22.00 Mythbusters 23.00 Forensic Detectives 0.00 Battlefield
- MTV**  
13.00 SpongeBob SquarePants 13.30 Wishlist 14.00TRL 15.00 Dismissed 15.30 Just See MTV 16.30 MTV:new 17.00 European Top 20 18.00 Switched On 19.00 Andy Milonakis 20.00 Top 10 at Ten 21.00 Power Girls 21.30 The Real World 22.00 The Rock Chart 23.00 Just See MTV
- VH1**  
15.00 So 80s 16.00 VH1's Viewers Jukebox 17.00 VH1 Weekly Album Chart 18.00 VH1 Classic 18.30 Then & Now 19.00 All Access 20.00 Retrosexual - The 80's 21.00 VH1 Rocks 21.30 Flipside 22.00 Top 5 22.30 Fabulous Life Of... 23.00 VH1 Hits
- CLUB**  
12.10 Weddings 12.35 Awesome Interiors 13.00 Crimes of Fashion 13.30 Hollywood One on One 14.00 Girls Behaving Badly 14.25 City Hospital 15.10 The Roseanne Show 16.00 Yoga Zone 16.25 The Method 16.50 Weddings 17.15 Weddings 17.40 Girls Behaving Badly 18.05 Staying in Style 18.30 Hollywood One on One 19.00 It's a Girl Thing 19.25 The Villa 20.15 Sextacy 21.10 Sex and the Settee 21.35 My Messy Bedroom 22.00 Men on Women 22.30 Women Talk 23.00 Entertaining With James 23.30 City Hospital 0.25 Awesome Interiors 0.50 Vegging Out 1.15 Backyard Pleasures 1.45 Hollywood One on One
- CARTOON NETWORK**  
12.00 Dexter's Laboratory 12.30 Ed, Edd n Eddy 13.00 Codename: Kids Next Door 13.30 The Powerpuff Girls 14.00 Sabrina, The Animated Series 14.30 Atomic Betty 15.00 Teenage Mutant Ninja Turtles 15.30 B-Daman 16.00 Codename: Kids Next Door 16.30 Foster's Home for Imaginary Friends 17.00 Duck Dodgers in the 24 1/2 Century 17.30 Charlie Brown Specials 18.00 What's New Scooby-Doo? 18.30 Tom and Jerry 19.00 The Flintstones 19.30 Looney Tunes 20.00 Dastardly & Muttley in Their Flying Machines 20.30 Scooby-Doo 21.00 Tom and Jerry 22.00 Dexter's Laboratory 22.30 The Powerpuff Girls 23.00 Johnny Bravo 23.30 Ed, Edd n Eddy 0.00 Skipper & Skeeto 1.00 Spaced Out 1.30 Spaced Out
- MGM**  
13.30 Stella 15.20 Hillside Strangers, The 17.00 Dry White Season 18.45 Some Girls 20.20 From Noon Till Three 22.00 Alias Jesse James 23.30 Sonny Boy 1.15 Number One With A Bullet
- TCM**  
19.00 Two Weeks in Another Town 20.45 The Biggest Bundle of Them All 22.30 Gaslight 23.55 In This Our Life 1.35 Red Dust
- HALLMARK**  
12.45 Jim Henson's Jack and the Beanstalk 14.15 McBride: It's Murder Madam 16.00 Wounded Heart 17.30 McLeod's Daughters V 18.30 Early Edition Iv 19.15 Midsomer Murders 21.00 Fatal Error 22.30 Early Edition Iv 23.15 Out Of The Woods 0.45 Midsomer Murders
- DR1**  
12.00 DR-Derude i „Den Kongelige Have“ 12.30 Udeliv 13.00 TV Avisen med vejret 13.20 Spot 13.50 Nyheder på tegnsprog 14.00 Becoming 14.30 Last Exile 15.00 Yu-Gi-Oh! 15.20 Droopy 15.30 Troldspejlet 16.00 Palle Gris på eventyr 16.20 Anton 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 16.55 Dagens Danmark 17.25 TV Avisen 17.30 Derhjemme 18.00 Rejseholdet 19.00 TV Avisen 19.25 Horisont 19.50 SportNyt 20.00 Måske skyldig Iv 21.40 OBS 21.45 Viden om 22.15 InshAllah
- SV1**  
12.30 Sportspegeln 13.05 Agenda 14.00 Rapport 14.10 Gomoron Sverige 15.00 Sve-å-long 15.30 Krokodill 16.00 BoiBompa 16.01 Björnes Magasin 16.30 Lilla sportspegeln 17.00 Trackslistan 17.30 Rapport 18.00 Krónikan 19.00 Plus 19.30 Sverige! 20.00 Klirr i bössan för Världens barn 20.05 Familien 20.55 Rapport 21.05 Kulturmytterna 21.15 Popcom 21.45 Napoleon 23.20 Sändning från SVT24

**Stærsti rúmaframléiðandi í heimi!**  
Hversvegna **Posturepedic**?  
Sealy Posturepedic eru vinsælustu heilsurúm Bandaríkjanna síðastliðin 30 ár. Sealy eyðir meiri fjármunum í vörubrúun en allir aðrir dýnuframléiðendur heims.

Hversvegna **Posturepedic**?  
Sealy Posturepedic gormurinn sem er hjartað í heilsudýnni, er hannaður í samvinnu við nokkra færustu bæklunarskurðlækna Bandaríkjanna. Hann bregst mismunandi við þyngd og því geta tveir misþungir einstaklingar notað sömu dýnuna.

Hversvegna **Posturepedic**?  
Sérhannaður styrktarkantur sem tryggir hámarksnýtingu á svefnfleti, ásamt því að kantar dýnunnar veita betri stuðning. „Thermo Bond“ uppbyggingin dregur úr hreyfingu á milli einstaklinga í sama rúmi.

**LYSTADÚN**  
*Marco*

Reykjavík: Mörkin 4, sími: 533 3500  
Akureyri: Hofsbót 4, sími: 462 3504  
Egilsstaðir: Miðvangur 1, sími: 471 2954

Opið virka daga: 10–18 og laugard. 11–15



## HRÓSIÐ

...fær Hendrikka Waage fyrir að koma skartgripalínu sinni inn í verslunina Harrods.



## SÉRFRÆÐINGURINN SIGGA LUND ÚTVARPSKONA Á LÉTT FM 96,7

SEGIR SJÓ ÁRA AFMÆLI STÖÐVARINNAR MARKA GÓÐ TÍMAMÓT

### Tilfinningaheitt útvarp

Útvarpsstöðin Létt FM 96,7 er sjö ára í dag. Í tilefni dagsins verður afmælissöngurinn sunginn, tertur borðaðar og afmælskveðjur lesnar á stöðinni.

„Þetta er kannski ekki hár aldur en talan sjö er heilög og vonandi framundan það besta sem stöðin hefur borið fram,“ segir Sigga Lund, útvarpskona og verkefnastjóri á Létt FM.

„Þetta er finn líftími og ekki margar útvarpsstöðvar sem stofnaðar voru á þessum tíma sem enn lifa. Konseptið er pottþétt og styrkleiki stöðvarinnar stuttar og hnitmiðaðar kynningar, sigild tónlist og viðtöl sem fara ekki yfir fimm mínútur að lengd.“

Að sögn Siggú er fyrirmynd Létt FM útvarpsstöðin Light FM í New York.

„Þar lifir þetta konsept ár eftir ár og alltaf sömu þáttastjórnendurnir. Fólk vill hafa það þannig og

stöðin hefur gífurlega hlustun. Við horfum því til þeirra og fylgjumst með því sem þeir gera.“

Þegar Létt FM fór fyrst í loftið var stöðin hugsuð sem vinnustaðaútvarp; afþreying hins stritandi almúga.

„Við stöndum enn við það þótt stöðin hafi líka á sér rómantískan stimpil. Róleg tónlist og notalegt andrúmsloft tengjast alltaf rómantík og rómantík því aldrei langt undan á Létt FM“ segir Sigga broandi. „Við leikum fallega tónlist á kvöldin svo hlustandinn geti andað léttar og leitumst við að fólk geti gengið að því sama þegar það kveikir á útvarpinu. Því er enginn einn þáttur vinsælli en annar og ekki mikill munur á þáttunum, annar en persónuleiki þáttastjórnenda.“

Þegar horft er til hlustendakannanna virðist stöðin

komin til að vera.

„Við eigum bara eftir að vaxa og dafna, en starfinu er aldrei lokið og við vinnum í sífellu að því að gera stöðina faglegru, betri og hlustendavænni, sem er heimikið verkefni út af fyrir sig.“

Og Sigga segir Létt FM örugglega hreyfa við ástjúkum og þeim sem glíma við sorg í hjarta.

„Létt FM vekur tilfinningar með fólk og gömlu lög-in geðshreingu. Ég fæ reglulega símtöl frá hlustendum sem víðarkenna að þeir hafi tárast við hlustunina. Þetta er því tilfinningaheitt útvarp.“



SIGGA LUND

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT 2 afkvæmi 6 í röð 8 fjór 9 eins um u 11 haf 12 þíða 14 hvæsa 16 guð 17 blóm 18 fiskur 20 í röð 21 lipurð.

LÖÐRÉTT 1 hæfileiki 3 austfirðir 4 planta 5 augnhár 7 spendýr 10 vel búin 13 haf 15 sjúkdómur 16 rangl 19 í röð.

#### LAUSN

LÖRÉTT: 1 djæf, 3 ná, 4 strunsa, 5 aea, 7 krögur, 10 asl, 13 tr, 15 dala, 16 fat, 19 ró.  
LÖÐRÉTT: 1 djæf, 3 ná, 4 strunsa, 5 aea, 7 krögur, 10 asl, 13 tr, 15 dala, 16 fat, 19 ró.  
LÖRÉTT: 2 ansa, 6 jk, 8 áta, 9 æra, 11 Ra, 12 fóstur, 14 grmd, 16 fg, 17 lsa, 18 aur, 20 al, 21 tróð.

## GYLFI GRÖNDAL: YRKIR SIG FRÁ HLUTUNUM

# Veltir fyrir sér lífinu og dauðanum

Gylfi Gröndal er Íslendingum að góðu kunnur fyrir ævisögur sínar og heimildarþætti um helstu skáld tuttugustu aldar. Fyrir tæpu ári greindist hann hins vegar með ólæknandi krabbamein. Í baráttu sinni hefur hann notast við skáldgáfuna. Í næsta mánuði kemur út áttunda ljóðabók hans, Eitt vor enn, en þar fá lesendur að skyggast inn í huga höfundarins þar sem hann veltir lífinu og dauðanum fyrir sér.

„Ég hef alltaf haft þann háttinn á að yrkja mig frá hlutunum,“ útskýrir Gylfi sem var nokkuð hress þegar Fréttablaðið náði tali af honum. Sagðist hafa verið ról-fær síðustu tvo mánuði. „Þetta var mjög erfitt fyrstu mánuðina þar sem ég fékk mikið af sterkum lyfjum en þeim fylgdu miklar aukaverkanir.“

Gylfi segir að þessi bók sé allt öðruvísi en aðrar ljóðabækur hans. „Hún er viðbrögð mín við aðstæðum,“ útskýrir hann og í þessu tilviki hafi ljóðin komið af sjálfu sér. Það stóð þó aldrei til að gefa ljóðin út og Gylfi var á bádum áttum þegar það kom til tals enda bókin óvenjupersónuleg. „Krabbamein er hins vegar algengur sjúkdómur og ég fór að spá í það hvort aðrir sem glímu við slík veikindi hefðu ekki gagn af því að lesa hugleiðingar einhvers sem væri í sömu stöðu,“ segir hann.

Gylfi segir að áður en veikindin dundu yfir hafi hann ekki spáð mikið í hlutum eins og dauðanum. „Svo allt í einu fer maður að hugsa út í þetta og gerir sér grein fyrir því að það er ekki langt milli lífs og dauða,“ segir hann. Auk ljóðlistarinnar segir Gylfi trúna hafa hjálpað sér mikið og reynst honum dýrmæt á þessum vegamótum. „Þetta snýst allt um að geta sæst við dauðann,“ segir hann.

Gylfa finnst nauðsynlegt að fá ekki veikindi sín á heilann. Það



GYLFI GRÖNDAL Í næsta mánuði gefur Gylfi út sína áttunda ljóðabók sem verður hans persónulegasta hingað til.

geti reynst þreytandi fyrir aðstandendur. „Ég áttaði mig strax á því að hugarfarir yrðu að vera í lagi því þetta er ekki síður baráttu hugans en líkamans. Það þýð-

ir ekki að detta niður í þunglyndi,“ útskýrir hann og segist hafa reynt eftir fremsta megni að vera hress. „Ég nota ljóðlistina til að rasa út.“ ■

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Á vef Vísir kemur fram að Magnús Ólafsson, leikarinn góðkunnur, lýsir yfir frambóði sínu til fyrsta sætis á lista Sjálfstæðisflokksins í Hafnarfirði. Þar segir hann að pólitíkin hafi lengi blundað í honum og nú ætli hann að láta til skara skrifa. Það er þó létt yfir yfirlýsingunni og bendir Magnús á að hann hafi sinnt bæjarstjórahlutverkinu nokkuð lengi. Fyrir þá sem ekki vita þá hefur Magnús verið bæjarstjóri í Latabæ um nokkurra ára skeið. Ef eitthvað má marka vel-gengni þess bæjarfélags má ljóst vera að Magnús hefur sitthvað til málanna leggia.



Stefán Pálsson gerir mannabreytingar fjölmiðlanna að umtalsefni á blogg sínu sinni. Segir hann þær bera vott um lítið imyndunarafli. Starfsmenn RÚV séu ráðnir á Stöð 2 og öfugt. Stefán vitnar ennfremur í orð alþingismannsins Péturs Blöndal sem þingmaðurinn lét falla fyrir meira en viku síðan. „Fjölmiðlarnir virtust ekki bara vanhæfir til að fjalla um málefni sinna

eigin eigna, heldur líka málefni eigna annarra fjölmiðla – því að starfsmenn RÚV í dag væru starfsmenn 365 á morgun.“ Segir Stefán að Pétur hafi sennilega ekki grunað hversu fljótt þessi spádómur myndi ræstast.



**Talstöðin**  
FM 90,9

Upplýsingar í síma 580 2525  
Textavarp: Stöð 2 • 150-153  
RÚV • 281, 283 og 284

**Lotto**

Vinningstölur laugardaginn  
01.10.2005

7 18 24 35 36

Bónustala 10

Jökertölur vikunnar

Jóker 6 8 6 9 2

VÍKINGA  
**LOTTO** Alltaf á miðvikudögum

Vinningstölur miðvikudaginn  
28.09.2005

Aðaltölur

1 13 21 25 26 33

Bónustölur Ofurtala

12 28 21

Jökertölur vikunnar

3 7 7 5 1

# Hættir sem eins manns hljómsveit

Örn Elías Guðmundsson, betur þekktur sem Mugison, er um þessar mundir á lítilli tónleikaférfé um Evrópu. Á fimmtudaginn spilaði hann í Paradiso-klúbbum í Amsterdam og á laugardag átti hann að vera í Eindhoven. Þaðan lá leiðin til Bretlands þar sem hann ætlaði að spila á fjórum tónleikum. „Ég á síðan pantað flug heim fjórða október,“ segir hann augljóslega ekkert þreyttur þrátt fyrir mikil ferðalög á þessu ári.

Hann er nýkominn frá Japan þar sem hann spilaði ásamt konu sinni Rúnu. „Þetta er í annað skiptið sem ég fer þangað. Þeir eru jafnruðlaðir og við,“ segir hann og bætir við að þeir hafi tekið vel undir með Poke a Pale.

Mugison hefur fengið fína dóma fyrir tónlist sína við kvikmyndina A Little Trip to Heaven sem hann vinnur núna við að hljóðvinna svo hægt sé að setja á geisladisk. „Það var æðislegt að

gera þessa tónlist og mjög þægilegt að vinna með Baltasar Kormáki,“ segir hann.

Mugison er þó hvergi nærri hættur að ferðast. Eftir dvöl sína hér heima fer hann til Frakklands og Þýskalands. „Síðan liggur leiðin til Bandaríkjanna í tilefni af úgáfu plötunnar minnar þar í næstu viku,“ segir hann en búið er að skipuleggja tónleika í New York og Los Angeles auk Minneappolis. „Þessu lýkur í Skandinavíu og þá er ég hættur að troða upp einn“ segir hann og ráðgerir að setja saman hljómsveit fyrir næstu plötu. „Það verður einhver heljarinnar sirkus,“ segir hann og hlær.

MUGISON Er á leiðinni til Bandaríkjanna til að fylgja eftir útkomu plötu sinnar og heldur meðal annars tónleika í Los Angeles og New York.



# HAUSTÚTSALA

# 50-80%

AFSLÁTTUR

# AF NÝJUM VÖRUM

Aðeins í  
10 daga!

REGATTA 

GREAT OUTDOORS™

AKUREYRI - REYKJAVÍK - KEFLAVÍK

Opið  
Virka daga 10-18  
Laugard. 10-18  
Sunnud. 13-17

● ● **ÚTIVIST&SPORT**

Akureyri - Strandgata 3 Sími 464-4450 Reykjavík - Faxafeni 12 Sími 533-1550 Keflavík - Hafnargata 25 Sími 421-3322

# FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Ritstjórn: 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is  
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is Vefvang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

ÞÚ ERT SJÓNVARPSSTJÓRI Á **visir**  
VEF.TV



HORFÐU EINS OG ÞÉR SÝNIST!

Yfir 300 sjónvarpsþættir og kvikmyndir  
í stafrænum gæðum á visir.is



**ÞRÁINS BERTELSSONAR**

## Friðhelgi einkalífsins

Í gamla daga þegar frændur okkar Írar trúðu á páfann í Róm en ekki Evrópusambandið í Brussel var ég við nám í Dublin. Í þessu strangtrúaða landi var margt sem ekki þótti við hæfi að nefna. Til dæmis voru kjúklingabringur („chicken-breast“) á matseðlum veitingahúsa ævinlega kallaðar „kjúklingavængir“. Það var óviðeigandi að nefna hið klúra og lostuga orð „brjóst“ á siðprúðum matseðli.

**Á ÍSLANDI** vogaði fólk sér að nefna orðið „brjóst“, en allt þar fyrir handan – eða neðan – var svartasta klám. Bækur sem sögðu frá hinni líkamlegu hlið ástálfs og kynhvatar voru bannaðar með lögum (en gengu manna í milli í handskrifuðum stíla-bókum). Þótt forboðið væri að fjalla um kynlíf á prenti var þó sem betur fer ekki bannað að stunda það á laun án þess að vitnum væri við komið – rétt eins og hrossaketsát eftir kristnitöku.

**HINNI MIKLU BÆLINGU** var svarað með því að leggja gífurlega áherslu á svonefnda „friðhelgi einkalífsins“ sem þýddi að menn sem gátu stundað vinnu sína frá 9 til 5 á mánudegi til föstudags og 9 til 12 á laugardögum máttu klæða sig í kvenmannsföt fyrir luktum dýrum í frítíma sínum ef þeir sýndu sig ekki á almannafæri í þeim skróða. Og menn voru að sjálfsögðu frjalsir að því að drekka sig fulla heima hjá sér og lúskra á konu og börnum af hjartans lyst svo lengi sem neyðar-ópin trufluðu ekki nætursvefn ná-grannanna. Heilsufar fólks flokkaðist í eina tíð líka undir einkamál áður en heilsufarsupplýsingar urðu verðmæt verslunarvara í líftækni-íðnaði og tryggingaviðskiptum. En sú þróun er önnur saga. Þegar á heildina er litið er það mikill léttir að þöggun og bæling skuli hafa minnkað og frelsi og umræða komið í staðinn.

**FRÍÐHELGI EINKALÍFS** snýst ekki lengur um pukur og þöggun heldur um rétt allra manna til að hugsa og tala og hegða sér eins og einstaklingnum sjálfum sýnist, svo lengi sem hann eða hún abbast ekki upp á annað fólk með háttarni sínu. Það er til marks um bælingu og helgislepju að banna að kalla hlutina sínum réttu nöfnum og réttlæta hræsina með friðhelgi einkalífsins.

## NISSAN PATROL

Gott gengi á Nissan Patrol



SKIPT\_ um væntingar

Gengið í hádeginu  
30. september 2005

USD 61.25  
JPY 0.54  
EUR 73.66



## NISSAN PATROL

Hann er nú þegar í upphaldi þeirra sem þekkja til fjórhjóladrifinna bíla, en nýr og endurbættur Nissan Patrol er betri en nokkru sinni fyrr. Nýja 3,0 lítra túrbó dísilvélin með beinni innspýtingu gefur allt að 40% meira tog og 20% meira afl en eldri vélar. Hún er um leið sparneytnari, hröðunin er meiri og dráttur eftirvagna auðveldari.

### Verð

Patrol <b>Luxury</b> beinskiptur	4.230.000 kr.
Patrol <b>Luxury</b> sjálfskiptur	4.390.000 kr.
Patrol <b>Elegance</b> beinskiptur	4.580.000 kr.
Patrol <b>Elegance</b> sjálfskiptur	4.690.000 kr.

**250.000 kr. KAUPAUKI**

Öllum Nissan Patrol jeppum sem keyptir eru í október fylgja 33" dekk, krókur og toppbogar.



**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00

Hrísmýri 2a 800 Sæflossi 482-3100	Eyrarlandi 1 530 Hvammstanga 451-2230	Sæmundargötu 3 550 Sauðárkrúki 453-5141	Holtsgötu 52 260 Njarðvík 421-8808	Dalbraut 2b 300 Akranesi 431-1376	Vikurbraut 4 780 Höfn í Hornafirði 478-1990	Búðareyri 33 730 Reyðarfjörður 474-1453	Sindragötu 3 400 Ísafjörður 456-4540	Óseyri 5 603 Akureyri 461-2960
---	---	---	--	---	---	---	--	--------------------------------------

**Nikon**  
Sannkallaðir  
eðalgripir  
á frábæru  
verði!

**COOLPIX 5600**



**5.1 milljón pixlar**

- 3 x Optical aðdráttur (35-135mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga og D-lighting
- Innbyggt flass með *In Camera red-eye fix*
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 220 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðum

**Kr. 29.900**

**COOLPIX 7900**



**7.1 milljón pixlar**

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 16 program stillinga, D-lighting og Face-priority AF
- Innbyggt flass með *In Camera red-eye fix*
- 2.0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Quicktime videotaka með hljóði og hristivörn á aðdrætti
- Hægt að nota sem diktafon

**Kr. 48.900**

SMARALIND  
Sími 530-2900  
SÍÐUMÚLA 9  
Sími 530-2800

**ORMSSON**

TIPA VERDLAUNIN 2005:  
BESTA COMPAKT VÉLIN